Náttúrustofa Austurlands

# Vöktun Náttúrustofu Austurlands 2007

# og tillaga um ágangssvæði og veiðikvóta 2008

Lagt fyrir Hreindýraráð og veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunnar á fundi
þann 13. nóvember 2007

Lokaskýrsla

*Skarphéðinn G. Þórisson*
*Rán Þórarinsdóttir*



NA-080083
Egilsstaðir
Apríl 2008

*Inngangur* ... 2
*Veiðin 2007 og tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta 2008* ... 2
*Skoðun einstakra veiðisvæða* ... 5
**Svæði 1** ... 5
**Svæði 2** ... 5
**Svæði 3** ... 6
**Svæði 4** ... 7
**Svæði 5** ... 7
**Svæði 6** ... 7
**Svæði 7** ... 7
**Svæði 8** ... 8
**Svæði 9** ... 8
*Tillaga um ágangssvæði 2008* ... 9
*Almennt um veiði* ... 9
**Fallþungi** ... 9
**Kjálkasöfnun** ... 13
*Heimildir* ... 14
*Fylgiskjöl:* ... 14
**Fylgiskjal 1** ... 15
**Fjöldi og dreifing hreindýra norðan Vatnajökuls 9. júlí 2007** ... 15
**og samanburður við talningu 22. júní og 7. ágúst 2007** ... 15
**Fylgiskjal 2** ... 19
**Samsetning hreindýrahópa í september og október 2007 á svæðum 1-5 og 8-9** ... 19
**Fylgiskjal 3** ... 23
**Tillaga um mat á ágangi 2007** ... 23
**Fylgiskjal 4** ... 25
**Hagaganga hreindýra 2007** ... 25
Svæði 1. ... 25
Svæði 2. ... 27
Svæði 3. ... 32
Svæði 4. ... 35
Svæði 5. ... 36
Svæði 6. ... 39
Svæði 7. ... 40
Svæði 8. ... 42
Svæði 9. ... 42
*Heimildamenn:* ... 43

# Inngangur

Drög að þessari skýrslu voru lögð fyrir Hreindýraráð og veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunnar á fundi þann 13. nóvember 2007 þar sem tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta 2008 var m.a. til umræðu. Tillagan var einróma samþykkt án breytinga.
Áætlað er að vetrarstofn hreindýra á Austurlandi 2007-2008 verði um 4600 dýr. Greinilegt er að hreindýrum hefur fjölgað víðast hvar þrátt fyrir aukinn kvóta. Ástæða þess er eflaust lág dánartíðni vegna hagstæðs tíðarfars. Miðað við að hlutur kálfa af heild sé 30% yrði heildarstofninn í sumarbyrjun 2008 um 6000 dýr.
Hér á eftir verða verður veiðin 2007 krufin, síðan gerð tillaga um veiðikvóta 2008 og útskýrt hvað þar liggur til grundvallar. Því næst eru einstök veiðisvæði skoðuð nánar með tilliti til fjölda hreindýra og aldurs- og kynjasamsetningar. Lagt er til að skipting hreindýrahaga á Austurlandi í ágangssvæði árið 2008 haldist óbreytt frá 2007. Að lokum verður litið nánar á gögn um veiði undanfarinna ára.
Lagt er til að kvótinn 2008 verði 1333 dýr. Að óbreyttum forsendum ætti það að leiða til lítt breyttrar stofnstærðar en þó fækkunnar á svæði 2 og aukins hluta tarfa þar. Hvatt er til þess að leita leiða til að draga úr álagi á hreindýrin á svæði 2 á veiðitíma. Að öðru leyti er lagt til að þær reglur sem giltu um veiðarnar 2007 verði óbreyttar. Fjögur skjöl fylgja skýrslunni; sumartalning 2007, samsetning á fengitíma, mat á ágangi 2007 og að lokum dagbók um hagagöngu hreindýra 2007.

# Veiðin 2007 og tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta 2008

Veiðikvótinn var 1137 dýr haustið 2007 og náðust öll nema átta. Til viðbótar voru skotnir 151 kálfar, flestir eða 108 á svæði 2 (1. tafla).

| Svæði | Kvóti 2007 | | Veitt 2007 | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Kýr | Tarfar | Kýr | Tarfar | Kálfar |
| 1 og 2 | 384(5) | 361(60) | 380(21) | 360(129) | 117(6) |
| 3 | 30 | 5 | 28 | 5 | 1 |
| 4 | 18 | 14 | 18 | 14 | 2 |
| 5 | 55 | 45 | 55 | 45 | 6 |
| 6 | 0 | 30 | 0 | 30 | |
| 7 | 40 | 60 | 40 | 60 | 13 |
| 8 | 25 | 35 | 24 | 35 | 4 |
| 9 | 25 | 10 | 25 | 10 | 11 |
| Samt: | 577 | 560 | 570 | 559 | 154 |
| | Samt: | **1137** | Samt. | **1129** | **1283** |

***1. tafla**. Veiðikvóti 2007 og veidd hreindýr samkvæmt hreindyr.is*

Eins og fyrr segir er áætlað að vetrarstofn hreindýra 2007-2008 verði um 4600. Skipting hans eftir veiðisvæðum er sýnd á 2. mynd. Miðað við að náttúruleg dauðsföll séu í lágmarki og 30% nýliðun mun veiðistofn hreindýra verða um 5950 haustið 2008 (2. tafla). Að gefnum þessum forsendum og tillögum um veiðikvóta mun vetrarstofn 2008 verða svipaður og 2007. Kvótinn tekur þó mið af því að hreindýrum fjölgi á svæði 1 en fækki á 2. Til að stuðla að því er kúakvótinn hækkaður þar á kostnað tarfa. Nánari skipting veiðikvóta 2008 er sýnd í 3. töflu.

| Svæði | Kvóti 2008 | | | Áætlaður vetrarstofn 2007-2008 | Vetrarstofn x nýliðun (1.3) | Nýliðun 2008 | Stofnstærð eftir veiðar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Kýr | Tarfar | Alls | | | | |
| 1 | 5 | 94 | 99 | 500 | 650 | 150 | 85 |
| 2 | 486 | 222 | 708 | 2000 | 2600 | 600 | -107 |
| 3 | 35 | 10 | 45 | 200 | 260 | 60 | 15 |
| 4 | 23 | 19 | 42 | 200 | 260 | 60 | 18 |
| 5 | 68 | 55 | 123 | 450 | 585 | 135 | 12 |
| 6 | 0 | 35 | 35 | 150 | 195 | 45 | 10 |
| 7 | 60 | 70 | 130 | 500 | 650 | 150 | 20 |
| 8 | 38 | 53 | 91 | 400 | 520 | 120 | 30 |
| 9 | 35 | 25 | 60 | 200 | 260 | 60 | 0 |
| Kvóti | 749 | 582 | 1333 | 4600 | 5950 | 1380 | 49 |

***2. tafla.*** *Tillaga um veiðikvóta 2008 eftir veiðisvæðum og áætluð stofnstærð veturinn 2008-2009.*

Hvatt er til þess að leita leiða til að draga úr álagi á hreindýrin á svæði 2 á veiðitíma. Æskilegt væri að veiðin dreifðist betur á veiðitímann. Hugsanlega mætti bjóða upp á að menn keyptu 2 kýr og/eða að lengja veiðitímann til 20. september á kýr og/eða leyfa veiðar eftir fengitíma.



**1. mynd.** *Kýr við Launá á Fagradal 18. mars 2008. Ljósm. SGÞ.*

| Staðsetning | Kvóti 2007 | | | | | Kvóti 2008 | | | Breyting frá 2007 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Kýr | Tarfar | Alls | | | Kýr | Tarfar | Alls | Kýr | Tarfar | Alls |
| Vopnafjarðarhr (1) | 2 | 18 | 20 | | | 2 | 26 | 28 | 0 | 8 | 8 |
| Jökuldalur N og Selland (2) | 2 | 26 | 28 | | | 2 | 50 | 52 | 0 | 24 | 24 |
| Jökulsárhlíð A Sellands (2) | 1 | 16 | 17 | | | 1 | 18 | 19 | 0 | 2 | 2 |
| Svæði 1 | 5 | 60 | 65 | | | 5 | 94 | 99 | 0 | 34 | 34 |
| Jökuldalur A (2) | 112 | 88 | 200 | 1,3 | 0,7 | 146 | 62 | 207 | 34 | -26 | 7 |
| Hróarstunga (4) | 31 | 25 | 56 | 1,3 | 0,7 | 40 | 18 | 58 | 9 | -8 | 2 |
| Fellahreppur (5) | 50 | 39 | 89 | 1,3 | 0,7 | 65 | 27 | 92 | 15 | -12 | 3 |
| Fljótsdalshr (6) | 132 | 104 | 236 | 1,3 | 0,7 | 172 | 73 | 244 | 40 | -31 | 8 |
| Vellir V (10) | 14 | 12 | 26 | | | 17 | 10 | 27 | 3 | -2 | 1 |
| Skriðdalur V (11) | 10 | 9 | 19 | | | 12 | 8 | 20 | 2 | -1 | 1 |
| Hjaltastþinghá (8) | 17 | 13 | 30 | | | 19 | 13 | 32 | 2 | 0 | 2 |
| Eiðaþinghá (9) | 13 | 11 | 24 | | | 15 | 11 | 26 | 2 | 0 | 2 |
| Svæði 2 | 379 | 301 | 680 | | | 486 | 222 | 708 | 107 | -79 | 28 |
| Borgarfjarðarhr (7) | 30 | 5 | 35 | | | 35 | 10 | 45 | 5 | 5 | 10 |
| Svæði 3 | 30 | 5 | 35 | | | 35 | 10 | 45 | 5 | 5 | 10 |
| Vellir A (10) | 3 | 0 | 3 | | | 5 | 1 | 6 | 2 | 1 | 3 |
| Mjóifjörður (12) | 5 | 8 | 13 | | | 8 | 10 | 18 | 3 | 2 | 5 |
| Seyðisfjörður (12) | 10 | 6 | 16 | | | 10 | 8 | 18 | 0 | 2 | 2 |
| Svæði 4 | 18 | 14 | 32 | | | 23 | 19 | 42 | 5 | 5 | 10 |
| Reyðarfjörður (14) | 15 | 15 | 30 | | | 18 | 15 | 33 | 3 | 0 | 3 |
| Eski- og Norðfjörður (13) | 40 | 30 | 70 | | | 50 | 40 | 90 | 10 | 10 | 20 |
| Svæði 5 | 55 | 45 | 100 | | | 68 | 55 | 123 | 13 | 10 | 23 |
| Skriðdalur A (11) | 0 | 17 | 17 | | | 0 | 20 | 20 | 0 | 3 | 3 |
| Breiðdalshr (15) | 0 | 13 | 13 | | | 0 | 15 | 15 | 0 | 2 | 2 |
| Svæði 6 | 0 | 30 | 30 | | | 0 | 35 | 35 | 0 | 5 | 5 |
| Djúpavogshr (16) | 40 | 60 | 100 | | | 60 | 70 | 130 | 20 | 10 | 30 |
| Svæði 7 | 40 | 60 | 100 | | | 60 | 70 | 130 | 20 | 10 | 30 |
| Hornafj(Lón) (17) | 16 | 23 | 39 | 1,5 | | 24 | 35 | 59 | 8 | 12 | 20 |
| Hornafjbær(Nes) (18) | 9 | 12 | 21 | 1,5 | | 14 | 18 | 32 | 5 | 6 | 11 |
| Svæði 8 | 25 | 35 | 60 | | | 38 | 53 | 91 | 13 | 18 | 31 |
| Hornafjbær(Mýrar) (19) | 20 | 8 | 28 | | | 25 | 15 | 40 | 5 | 7 | 12 |
| Hornafj(Suðursveit) (19) | 5 | 2 | 7 | | | 10 | 10 | 20 | 5 | 8 | 13 |
| Svæði 9 | 25 | 10 | 35 | | | 35 | 25 | 60 | 10 | 15 | 25 |
| Samtals kvóti | 577 | 560 | 1137 | | | 750 | 583 | 1333 | 173 | 23 | 196 |

**3. tafla**. Tillaga um veiðikvóta 2008 og samanburður við 2007.

## Skoðun einstakra veiðisvæða

Hreindýrahögum á Austurlandi er skipt upp í níu veiðisvæði og er lagt til að skipting þeirra verði óbreytt 2008. Áætlað er að vetrarstofn hreindýra 2007-2008 sé um 4600 dýr og er dreifing þeirra eftir veiðisvæðum sýnd á 2. mynd. Hér á eftir verða hjarðir á hverju svæði skoðaðar nánar.




**2. mynd.** *Áætlaður fjöldi hreindýra og dreifing þeirra eftir veiðisvæðum veturinn 2007-2008.*

### *Svæði 1*

Á útmánuðum 2007 voru a.m.k. 60-70 dýr á túnum á utanverðum Jökuldal, einkum við Hofteig. Í maí og byrjun júní voru um 200 dýr á utanverðum og mið Jökuldal. Mest voru þetta tarfar. Í sumartalningu 9. júlí fundust 355 dýr við Sandfell og þar af voru 316 tveggja ára og eldri tarfar. Aðeins fimm kálfar voru þar með svo fáar kýr hafa borið þar. Í talningum 9. júlí og 7. ágúst fannst bara einn fullorðinn tarfur vestan Hálslóns en vitað var um nokkra sem fundust ekki. Allt bendir þó til þess að þeir hafi verið innan við 10. Það er því ljóst að tarfarnir mættu ekki í Kringilsárrana sumarið 2007 eins og þeir hafa yfirleitt gert síðan talningar hófust um 1940 (fylgiskjal 1).
Í flugtalningu þann 28. október voru 440 hreindýr utan og vestan við Ánavatn, frá Sænautaseli og inn fyrir Heiðasel (fylgiskjal 2). Þarna hefur verið borið á og sáð í mela og skýrir það líklega þessa dreifingu dýranna. Við lauslega skoðun annars staðar í Jökuldals- og Tunguheiði fundust ekki fleiri dýr. Í flugi 2. október fundust nokkrir tugir dýra í Tunguheiði frá Bruna að Sunnudal. Líklegt er að eitthvað af þeim hafi verið í Vopnafirði í lok október og því varlega áætlað að í nóvember hafi um 500 hreindýr verið á svæði 1. Eins og fyrr tekur veiðikvótinn mið af því að talið er æskilegt að dýrum fjölgi á þessu svæði. Vegna þess er hvatt til þess að stilla kúaveiðum í hóf. Kvóti á svæði 1 er hækkaður um 40 tarfa en þrátt fyrir það er reiknað með að dýrum fjölgi á svæðinu.

### *Svæði 2*

Í sumartalningu norðan Vatnajökuls í júlí 2007 fundust 2800 hreindýr, flest á innanverðri Fljótsdalsheiði (fylgiskjal 1). Þetta voru um 150 fleiri dýr en í fyrra þrátt fyrir að fullorðna tarfa vantaði í Kringilsárrana. Þeir fundust reyndar í Sandfelli á Jökuldalsheiði, eins og fyrr segir, auk annarra tarfa sem hafa líklega haldið til þar undanfarin ár. Til samans voru 355 dýr í Sandfelli. Allt bendir til þess að hreindýrunum hafi haldið áfram að fjölga á svæði 2 þrátt fyrir aukinn kvóta (3. mynd).




***3. mynd.*** *Sumartalningar á Snæfellshjörðinni 1990-2007 í byrjun júlí (nema 1996 þá 10. og 11. ágúst). Öræfunum er skipt í sex svæði: Vestan Jöklu (Kringilsárrani og Sauðafell), Fljótsdalsheiði (utan Laugarár), Vesturöræfi, Undir Fellum (austan Snæfells og fella norðan þess að austurbakka Jökulsár í Fljótsdal út að Laugará), Múla (austan Jökulsár í Fljótsdal að Innri Sauðá) og Jökuldalsheiði. Skarphéðinn G. Þórisson 1990-2000, 2002-2003, 2007, Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2004, Rán Þórarinsdóttir 2005-2006). Árið 2001 var ekki talið vegna óhagstæðs tíðarfars á talningartíma.*

Aldurs- og kynjasamsetning hjarðarinnar á svæði 1 og 2 er sýnd í 4. töflu (fylgiskjal 2). Hlutfall tarfa á svæði 1 er helmingi hærra en á 2. Fullorðnir tarfar virðast því lítt hafa skilað sér á Fljótsdals- og Fellaheiði eins og reyndar 2006 líka. Ástæða þess 2007 gæti verið sú að þeir fóru ekki inn í Kringilsárrana en hluti tarfa þar fara stundum austur yfir Jöklu og ganga þá líklega á fengitíma á Fljótsdalsheiði.

| Sv | Kýr | % | Kálfur | % | V tarfur | % | 2 tarfur | % | ad tarfur | % | Σtarfar | % | n | dags |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 155 | 35 | 111 | 25 | 60 | 14 | 50 | 11 | 64 | 15 | 174 | 40 | 440 | 28.10.07 |
| 2 | 369 | 45 | 277 | 34 | 93 | 11 | 42 | 5 | 35 | 4 | 170 | 21 | 816 | 30.9.07 |

***4. tafla.*** *Samsetning hreindýrastofnsins haustið 2007 á svæði 1 og 2 samkvæmt flugtalningum.*

Áætlaður vetrarstofn hreindýra á svæði 1 og 2 er um 2500 (5. tafla og 2. mynd) svo ef 500 eru áætluð í Jökuldalsheiðinni verða 2000 dýr milli Jökulsánna á Dal og í Fljótsdal í vetur.

| 2007 | júlítalning | veiði | eftir veiði | fengitími | leiðrétt |
|---|---|---|---|---|---|
| Kýr og veturgamlir tarfar | 1640 | 380 | 1260 | 54% | 1260 |
| Kálfar | 927 | 108 | 819 | 31% | 819 |
| Tarfar, tveggja ára og eldri | 588 | 228 | 360 | 15% | 368 |
| | 3155 | 716 | 2439 | | 2447 |

***5. tafla.*** *Áætlaður vetrarstofn hreindýra á svæði 1 og 2 út frá samsetningu á fengitíma með teknu tilliti til veiða.*

## *Svæði 3*

Á fengitíma 2007 fundust 163 hreindýr norðan Dyrfjalla (6. tafla, fylgiskjal 2). Samkvæmt Skúla Sveinssyni sáust 10 tarfar í smalamennsku í septemberbyrjun við Hákarlshaus innan til í Loðmundarfirði og vitað var um 12 tarfa í Herjólfsvík sem höfðu líklega líka gengið á Glettingnum. Til viðbótar voru 2+3+4 í fjöllunum Héraðsmegin. Það er því ljóst að a.m.k. 200 dýr voru á svæði 3.

Ef 68 dýr sem sáust í Stafdal og síðan í Kötluhrauni á Fjarðarheiði þann 30. september tilheyra þeim þá hækkar talan í 270. Hér er reiknað með því að þau tilheyri svæði 4.

| Sv | Kýr | % | Kálfur | % | V tarfur | % | 2 tarfur | % | ad tarfur | % | Σtarfar | % | n | dags |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 75 | 46 | 55 | 34 | 11 | 7 | 9 | 6 | 13 | 8 | 33 | 20 | 163 | 30.9.07 |

***6. tafla.*** *Samsetning hreindýrastofnsins haustið 2007 á svæði 3 samkvæmt flugtalningu.*

## Svæði 4

Þann 28. október fundust 75 hreindýr í Geldingaskarði í sunnanverðum Mjóafirði og sama dag voru 68 í Kötluhrauni sem fyrr eru nefnd. Til viðbótar voru 48 dýr utarlega við Seyðisfjörð að sunnanverðu samkvæmt Ólafi Erni "Skálanesbónda" (7. tafla). Reiknað er því með að a.m.k. 200 hreindýr gangi nú á svæði 4.

| Sv | Kýr | % | Kálfur | % | V tarfur | % | 2 tarfur | % | ad tarfur | % | Σtarfar | % | n | dags |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 18 | 38 | 6 | 13 | | | | 0 | | 0 | 24 | 50 | 48 | sept |
| 4 | 29 | 39 | 26 | 35 | 5 | 7 | 5 | 7 | 10 | 13 | 20 | 27 | 75 | 28.10.07 |
| 4 | 25 | 37 | 19 | 28 | 7 | 10 | 6 | 9 | 11 | 16 | 24 | 35 | 68 | 28.10.07 |
| Σ | 72 | 38 | 51 | 27 | 12 | 6 | 11 | 6 | 21 | 11 | 68 | 36 | 191 | |

***7. tafla.*** *Samsetning hreindýrastofnsins haustið 2007 á svæði 4 samkvæmt flugtalningu.*

## Svæði 5

Hreindýrum á svæði 5 hefur verið skipt í tvær hjarðir, Sandvíkurhjörð og Reyðarfjarðarhjörð og virðist lítill samgangur hafa verið þar á milli undanfarin ár. Um miðjan ágúst voru um 250 dýr á Viðfjarðarnesi og til viðbótar var þá vitað um 29 dýr í Sandvík (Sævar Guðjónsson). Reyðarfjarðardýrin ganga mikið nærri vegum t.d. á Fagradal og því auðvelt að fylgjast með þeim. Samkvæmt ýmsum athugunum (fylgiskjal 4) er hjörðin a.m.k. 150 dýr.
Reiknað er því með að vetrarstofn dýra á svæði 5 sé a.m.k. 450. Aldurs- og kynjasamsetning virðist vera í góðu lagi samkvæmt athugunum á fengitíma (8. tafla).

| | Kýr | % | Kálfur | % | V tarfur | % | 2 tarfur | % | ad tarfur | % | Σtarfar | % | n | dags |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 66 | 44 | 41 | 27 | 15 | 10 | 10 | 7 | 18 | 12 | 43 | 29 | 150 | 2.10.07 |
| 5 | 48 | 42 | 28 | 25 | 17 | 15 | 12 | 11 | 9 | 8 | 38 | 33 | 114 | 28.10.07 |
| Σ | 114 | 43 | 69 | 26 | 32 | 12 | 22 | 8 | 27 | 10 | 81 | 31 | 264 | |

***8. tafla.*** *Dýrin 114 voru í Þverárdal og tilheyra Reyðarfjarðarhjörðinni en hin voru í Vöðlavík (flugtalning).*

## Svæði 6

Í marsbyrjun 2007 voru um 120 hreindýr ofan við Berufjörð (Albert Jensson). Hugsanlega tilheyra þessi dýr svæði 7. Í mars og apríl voru 20-30 hreindýr innantil í Breiðdal. Eins og í fyrra er áætlað að vetrarstofn á svæði 6 sé um 150 dýr. Lagt er til að kvóti verði hér óbreyttur frá fyrra ári.

## Svæði 7

Í smalamennsku var slangur af dýrum í Hamarsdalsdrögum og 3 hópar (100-150) utar eða upp á hjalla við Jökulgil. Mikið var af hreindýrum í Hofsdal sumarið 2007 og sáust um 350 dýr í Ytri Bót í byrjun september. Í Geithellnadal voru 70-100 dýr inn við kofa um miðjan september. Á veiðitíma voru einhver dýr í Flugustaðadal (Albert Jensson). Í nóvemberbyrjun voru líklega um 500 hreindýr utarlega í Álftarfjarðardölum samkvæmt Helga Jenssyni. Flest bendir til að vetrarstofn verði a.m.k. um 500 dýr á svæði 7 og ljóst er að tarfahlutfall er nokkuð hátt þó svo að það liggi ekki nákvæmlega fyrir.

Á fengitíma 2005 fundust 519 hreindýr á svæði 7 og áætlað var að vetrarstofn 2005-2006 væri a.m.k. 400. Ekki tókst að telja dýrin á fengitíma nú en 2005 voru tveggja ára og eldri tarfar 28%. Ljóst er að enn er mikið af törfum á svæðinu þó svo að hlutfallið sé ekki þekkt í ár.

## Svæði 8

Þann 8. október 2007 var leitað að hreindýrum á svæði 8 og fundust 240 dýr (9. tafla, fylgiskjal 2). Lítið var flogið austan Jökulsár í Lóni en vitað var að þar væri slangur af dýrum. Í flugi 8. júlí 2006 fundust 495 hreindýr á svæði 8. Hluti dýranna ganga á Lónsöræfum en ekki er vitað nákvæmlega hvort þau dreifast á svæði 7 eða 8 á vetrum. Áætlaður vetrarstofn á svæðinu eru að lágmarki 400 dýr.

| | Kýr | % | Kálfur | % | V tarfur | % | 2 tarfur | % | ad tarfur | % | Σtarfar | % | n |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 115 | 48 | 65 | 27 | 24 | 10 | 15 | 6 | 21 | 9 | 60 | 25 | 240 |

**9. tafla.** *Samsetning hreindýrastofnsins haustið 2007 á svæði 8 samkvæmt flugtalningu.*

## Svæði 9

Í flugtalningu þann 8. október fundust 186 dýr á svæði 9 á milli Kolgrímu og Hornafjarðarfljóts (10. tafla, fylgiskjal 2). Var það ívið meira en búist var við. Áætlað er að vetrarstofn á svæði 9 verði um 200 dýr.

| | Kýr | % | Kálfur | % | V tarfur | % | 2 tarfur | % | ad tarfur | % | Σtarfar | % | n |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 82 | 44 | 57 | 31 | 23 | 12 | 12 | 6 | 12 | 6 | 47 | 25 | 186 |

**10. tafla.** *Samsetning hreindýrastofnsins haustið 2007 á svæði 9 samkvæmt flugtalningu.*



**4. mynd.** *Vöðlavík, hluti veiðisvæðis 5. Ljósm. 8. október 2007, SGÞ.*

# Tillaga um ágangssvæði 2008

Náttúrustofa Austurlands telur engar forsendur til að breyta skiptingu ágangssvæða frá því sem verið hefur undanfarin ár. Þau eru eftirfarandi:

1. Vopnafjörður
2. Jökuldalur auk Sellands, Blöndugerðis, Bótar, Flúða, Hlíðar, Heiðarsel og Skóghlíðar. Án Valþjófsstaðar- og Skriðuklausturslands sem liggur innan gamla Jökuldalshrepps.
3. Jökulsárhlíð utan við Selland.
4. Hróarstunga utan við Flúðir, Bót, Hlíð, Skóghlíð, Heiðarsel og Blöndugerði.
5. Fell
6. Fljótsdalur auk lands Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs sem liggur í landi gamla Jökuldalshrepps.
7. Borgarfjörður og Víkur
8. Hjaltastaðaþinghá
9. Eiðaþinghá og bæir inn að Eyvindará (Þuríðarstaðir, Dalhús, Miðhús, Steinholt og Eyvindará).
10. Vellir og jarðir innan Eyvindarár (Egilsstaðir, Kollsstaðagerði og Kollsstaðir).
11. Skriðdalur
12. Seyðisfjörður og Mjóifjörður
13. Norðfjörður og Eskifjörður
14. Reyðarfjörður
15. Breiðdalur
16. Djúpivogur
17. Lón (gamli Bæjarhreppur).
18. Nes (gamli Nesjahreppur).
19. Mýrar og Suðursveit (gamli Mýrar- og Borgarhafnarhreppur).

# Almennt um veiði

Eins og fyrr segir safnar Náttúrustofa Austurlands gögnum úr veiðinni. Í þeim felast upplýsingar um hvar dýrin voru felld, fallþunga, þykkt bakfitu og áætlaðan aldur út frá sliti jaxla. Einnig hefur kjálkum verið safnað til nákvæmari aldursgreiningar út frá árhringjum í framtönnum. Lengd kjálkanna segir til um þroska dýranna og getur því verið mælistika á lífsskilyrði þeirra (Strand o.fl. 2006). Í athugunum árin 1979 til 1981 kom í ljós marktækur munur á kjálkalengd dýra af Fljótsdalsheiði annars vegar og hins vegar á Jökuldalsheiði og Austfjörðum (Skarphéðinn Þórisson 1983).

## *Fallþungi*

Fallþungi veiddra dýra endurspeglar líkamlegt ástand þeirra og um leið beitina. Fallþungi fullorðinna hreinkúa á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði haustin 1979-1980 var 40.8 kg en lækkaði í 31.2 kg að vori. Kýrnar léttust því um fjórðung yfir veturinn. Fallþungi fullorðinna tarfa er mjög breytilegur en einstaka tarfar fara yfir 100 kg og allt að 130 kg. Meðalfallþungi íslensku hreindýranna er meiri en meðal flestra norskra hreindýrahjarða (Reimers o.fl. 1980, 1983, Skarphéðinn Þórisson 1983).

Meðalfallþungi 3-5 ára mylkra kúa á svæði 2 árin 1994-2000 var 39,4 kg (n:269) og 40.0 kg (598) árin 2001-2006. Ekki er marktækur munur á meðalfallþunga haustið 2000 og 2006. Hins vegar ef borinn er

saman meðalfallþungi haustið 2002 og 2006 er marktækur munur (P=<0,001) og einnig á milli 2003 (n:127) og 2006 (n:157) (P=0,002). Ef haustið 2006 (n:157) er borið saman við 2005 (n:107) er einnig marktækur munur á meðalfallþunga (P= 0,014) (Mann-Whitney Rank Sum Test) en ekki á milli 2006 og 2007 (5. mynd).




***5. mynd***. *Meðalfallþungi (með 95% öryggismörkum) 3-5 ára mylkra kúa á svæði 2 á árunum 1993 til 2007.*

Til að ganga úr skugga um hvort minnkandi fallþungi á svæði 2 tengdist aukinni beit þar var fallþungi 3-5 ára mylkra kúa á fjörðunum (svæði 3-7) einnig kannaður (6. mynd). Þegar fallþungi 2003 og 2006 á svæðum 3-7 var borinn saman var marktækur munur (t-test P = <0,001) og einnig á milli 2006 og 2007 (P= 0,034) (Mann-Whitney Rank Sum Test) andstætt því sem var á svæði 2.




***6. mynd***. *Meðalfallþungi (með 95% öryggismörkum) 3-5 ára mylkra kúa á svæðum 3-7 á árunum 1993 til 2007.*

Þegar meðalfallþungi 3-5 ára mylkra kúa er borin saman á svæði 2 og hins vegar svæðum 3-7 sést að í flestum árum er all mikill munur á þyngd kúnna fjörðunum í vil. Nokkuð góð samsvörun er á milli svæðanna í tímans rás (7. mynd). Því er eðlilegast að álykta að sömu umhverfisþættir ráði þar mestu og líklegt er að árferði vegi þar þungt. Eins og sést hefur fallþungi verið á niðurleið síðustu árin þrátt fyrir afburða snjólétta vetur. Bendir það til þess að árferði að vori og sumri eða yfir gróandann skipti hér

mestu máli. Kýrnar voru þyngstar á svæðum 3 til 7 haustið 2003 en ári fyrr á svæði 2. Áhyggjur vekur að fallþunginn stendur í stað á svæði 2 á milli 2006 og 2007 en eykst marktækt á svæðum 3-7 (5.-7. mynd).




*7. mynd. Samanburður á meðalfallþunga 3-5 ára mylkra kúa á svæði 2 og svæðum 3-7 árin 1995 til 2007. Sýnastærð undir ártölum.*

Þar sem fallþungi mylkra kúa á svæði 2 er heldur meiri síðustu árin en á seinni hluta 10. áratugarins er ekki ástæða enn sem komið er að hafa þungar áhyggjur af fjölda dýranna á svæðinu. Eins og sést á 5. mynd hefur fallþungi verið á niðurleið eftir að Fljótsdalsheiði varð aðal sumarbeitiland Snæfellshjarðarinnar 2002. Fallþunginn lækkaði líka á fjörðunum eftir 2003 en hækkaði verulega 2007 andstætt fallþunga á svæði 2. Fylgjast þarf vel með þróun mála næstu árin til að sjá hvort dýrin haldi áfram að léttast. Í því sambandi er þýðingarmikið að sem flestir veiðimenn vigti bráð sína og safni kjálkum til nákvæmrar aldursgreiningar eða meti aldur dýra út frá sliti jaxla.
Tekið skal fram að hér hefur ekki verið tekið tillit til tímasetningar á vigtun dýranna en dýrin þyngjast út veiðitímann. Gengið er út frá því að dreifing felldra dýra á milli ára sé svipuð en þetta þarf að skoða nánar. Sýnt hefur verið fram á að þyngd kúa hefur áhrif á kynþroska, frjósemi, fósturþroska, burðartíma og dánartíðni ungkálfa (Reimers 1983, 1997 og Skogland 1984, 1990).

Þar sem aldur kúnna í þessum samanburði er áætlaður af veiðimönnum var fallþungi tveggja ára tarfa líka skoðaður en hægt er að aldursgreina þá nákvæmlega út frá jöxlum. Ef borin eru saman árin 1994 og 2005 (Mann-Whitney Rank Sum Test) er marktækur munur (P = 0,001).. Eins og sést á 8. mynd var mestur munur á fallþunga á milli áranna 2005 og 2006. Hafa ber í huga að sýnastærð er afskaplega takmörkuð og því hæpið að draga miklar ályktanir af þessum gögnum nema helst undanfarin tvö ár. Ekki reyndist marktækur munur (t-prófun) á meðaltali áranna 2005 og 2006 (P = 0,070) né 2006 og 2007. Þrátt fyrir að ekki væri marktækur munua á milli þessara ára þarf að fylgjast nákvæmlega með fallþunga á Fljótsdals- og Fellaheiði næstu árin og reyna að tryggja skaplegt úrtak.
Fjölgun aðgerðastaða fyrir hreindýr með góðri aðstöðu til að flá og vega dýrin ætti að hjálpa þar til.




*8. mynd.* *Meðalfallþungi (með 95% öryggismörkum) veiddra tveggja ára tarfa á veiðisvæði 2 árin 1994 til 2007.*

Borinn var saman fallþungi fullorðinna tarfa haustið 2007 á milli veiðisvæða. Þar sem mælingar eru fáar á sumum svæðum getur verið erfitt að fá marktækan samanburð en þó eru sterkar vísbendingar um að fullorðnir tarfar séu þyngri á fjörðunum en á Fljótsdals- og Fellaheiði (9. mynd) eins og raunin er með kýrnar og kemur ekki á óvart. Bent skal á að þar sem tarfakvótinn er stór eins og á Fljótsdalsheiði gefst veiðimönum síður tækifæri til að leita uppi og velja stærstu og þyngstu tarfana.




*9. mynd.* *Samanburður á meðalfallþungi þriggja ára og eldri tarfa haustið 2007 eftir veiðisvæðum.*

## *Kjálkasöfnun*

Stjórnun hreindýrastofnsins og ákvörðun veiðikvóta byggir á lágmarkstalningum, nýliðun og aldurs- og kynjasamsetningu stofnsins. Upplýsingar um kjálkalengd og fallþunga dýranna gefur þýðingarmiklar upplýsingar um ástand beitilands og jafnvel hvort þéttleiki þeirra í högum sé of mikill.
Víðast hvar þar sem hreindýraveiðum er stjórnað eru veiðimenn hvattir til að skila inn neðri kjálka úr bráðinni. Framtennur eru síðan notaðar til nákvæmrar aldursgreiningar og lengd kjálka mæld. Auk þessa skila menn inn upplýsingum um fallþunga bráðar þar sem því verður við komið. Kjálkalengd og fallþungi endurspegla þroska dýrsins og þá um leið ástand beitilands og/eða aðgengi að fæðu (Strand og fl. 2006).
Á árunum 1979-1981 var 274 kjálkum úr hreindýrum af öllu Austurlandi safnað og þeir lengdarmældir. Auk þess voru framtennur notaðar til nákvæmrar aldursákvörðunar (Skarphéðinn Þórisson 1983).
Náttúrustofa Austurlands stóð fyrir kjálkasöfnun árin 2001-2004. Búið er að aldursgreina kjálka úr veiðinni frá 2001 og stefnt að aldursgreining dýra frá 2002-2004 af svæðum 1 og 2 liggji fyrir á útmánuðum 2008. Tryggja þarf að veiðimenn safni kjálkum á komandi árum af svæðum 1 og 2 og vigti bráðina eftir settum reglum. Einnig þarf að vera tryggt að unnið verði úr þessum gögnum jafn óðum.
Tannslit, ástand gróðurs og tíðarfar eru líklega þeir þættir sem helst hafa áhrif á lífslengd heindýra fyrir utan veiðar.
Elsta aldursgreinda kýrin hingað til var 17 vetra en tarfur 12 vetra (Skarphéðinn G. Þórisson 2004) en ólíklegt er að mörg dýr nái svo háum aldri.
Búast má við að þar sem áfok er mikið á gróður geti tannslit aukist og þar með stytt ævi dýranna. Talið er að setfok muni verða úr Hálslónsstæði yfir gróðurlendi austan lónsins og er brýnt að fylgjast með því hvort það auki tannslit dýranna. Til að hægt sé að fylgjast náið með því er nauðsynlegt að safna sem flestum kjálkum úr dýrum sem koma til með að bíta á foksvæði lónsins.



**10. mynd.** *Áætlað er að vetrarstofn svokallaðar Snæfellshjarðar 2007-2008 sé um 2500 dýr. Flugsýn þann 25. október 2003, Snæfell í forgrunni og sér norður á Fljótsdalsheiði. Ljósm. SGÞ.*

# Heimildir


Rán Þórarinsdóttir 2005. Sumartalning á Snæfellshjörðinni 2005. *Náttúrustofa Austurland.* Handrit.
Rán Þórarinsdóttir 2006. Sumartalning á Snæfellshjörðinni 2006. *Náttúrustofa Austurland.* Handrit.
Reimers, E., L. Villmo, E. Gaare, V. Holthe & T. Skogland 1980. Status of Rangifer in Norway including Svalbard. Pp. 774-785 in: E. Reimers et al. (eds). *Proc. 2nd Int. R/C Symp., Röros, Norw.* Dir. for vilt & ferskvannfisk. Trondheim: 774-785.
Reimers, Egil 1983. Reproduction in Wild Reindeer in Norway. *Can. J. Zool.* 61:211-217.
Reimers, Egil 1997. *Rangifer* population ecology: a Scandinavian perspective. *Rangifer* 17:105-118.
Røed, K. H., A. V. Soldal, and S. Thórisson 1985. Transferrin variability and founder effect in Iceland reindeer, Rangifer tarandus L. - Hereditas 103: 161-164. Lund, Sweden.
Skarphéðinn Þórisson 1983. Hreindýrarannsóknir 1979–1981, lokaskýrsla. *Orkustofnun*, OS–83072/VOD–06. 210 bls.
Skarphéðinn G. Þórisson 1990. Hreindýratalning 1990. *Menntamálaráðuneytið.* Handrit.
Skarphéðinn G. Þórisson 1991. Hreindýratalning 1991. *Veiðistjóraembættið.* Handrit.
Skarphéðinn G. Þórisson 1992. Hreindýratalning 1992. *Veiðistjóraembættið.* Handrit.
Skarphéðinn G. Þórisson 1993. Hreindýratalning 5, júlí 1993. *Veiðistjóraembættið.* Handrit.
Skarphéðinn G. Þórisson 1994. Hreindýratalning 9.-10. júlí 1994. *Veiðistjóraembættið.* Handrit.
Skarphéðinn G. Þórisson 1995. Hreindýratalning 1995. *Veiðistjóraembættið.* Handrit.
Skarphéðinn G. Þórisson 1995. Hreindýratalning 1996. *Veiðistjóraembættið.* Handrit.
Skarphéðinn G. Þórisson 1997. Hreindýratalning 1997. *Veiðistjóraembættið.* Handrit.
Skarphéðinn G. Þórisson 1998. Hreindýratalning sumarið 1998. *Veiðistjóraembættið.* Handrit.
Skarphéðinn G. Þórisson 1999. Hreindýratalning sumarið 1999. *Veiðistjóraembættið.* Handrit.
Skarphéðinn G. Þórisson 2000. Hreindýratalning á Snæfellshjörðinni 10. og 11. júlí 2000. *Náttúrustofa Austurland.* Handrit.
Skarphéðinn G. Þórisson og Inga Dagmar Karlsdóttir 2001. *Áhrif Kárahnjúkavirkunar á íslenska hreindýrastofninn.* Náttúrustofa Austurlands. NA-36 og LV-2001/023. 122 bls.
Skarphéðinn G. Þórisson 2002a. Hreindýratalning á Snæfellshjörðinni 5. júlí 2002. *Náttúrustofa Austurland.* Handrit.
Skarphéðinn G. Þórisson 2003b. Hreindýratalning á Snæfellshjörðinni 12. júlí 2003. *Náttúrustofa Austurland.* Handrit.
Skarphéðinn G. Þórisson 2007. Fjöldi og dreifing hreindýra norðan Vatnajökuls 9. júlí 2007 og samanburður við talningar 22. júní og 7. ágúst. *Náttúrustofa Austurland.* Handrit.
Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2004. Hreindýratalning á Snæfellshjörðinni 5. og 7. júlí 2004. *Náttúrustofa Austurland.* Handrit.
Strand, O., Andersen, R. & Jordhoy, P. 2006. Egenevaluering av overvakningsprogrammet for villrein. *NINA Rapport 161.* 35 s.


# Fylgiskjöl:

1. **Fjöldi og dreifing hreindýra norðan Vatnajökuls 9. júlí 2007 og samanburður við talningu 22. júní og 7. ágúst 2007**
2. **Samsetning hreindýrahópa í september og október 2007 á svæðum 1-5 og 8-9**
3. **Tillaga um mat á ágangi 2007**
4. **Hagaganga hreindýra 2007**

*Fylgiskjal 1*

# Fjöldi og dreifing hreindýra norðan Vatnajökuls 9. júlí 2007 og samanburður við talningu 22. júní og 7. ágúst 2007

*Skarphéðinn G. Þórisson*

Þann 9. júlí voru hreindýr talin norðan Vatnajökuls á vegum Náttúrustofu Austurlands. Auk hefðbundinna sumarhaga Snæfellshjarðarinnar þ.e. á öræfunum í kringum Snæfell og á Fljótsdalsheiði var leitað að hreindýrum á norðurhluta Jökuldalsheiðar.
Flogið var á TF API, sem er tveggja manna Cessna 145, flugmaður var Jón Egill Sveinsson. Byrjað var á að leita á Jökuldalsheiði austan Hárekssstaðavegar. Síðan var leitað á hefðbundnu talningarsvæði á Snæfellsöræfum. Endað var á Fljótsdalsheiði hvar flest dýrin voru og megnið af þeim utan Byggðalínu norðan Miðheiðar. Veður til talningar var ágætt. Flogið var í rúma sex tíma. Niðurstöður talningarinnar eru sýndar í 1. töflu.

| | Kýr/vetr. | Kálfar | Tarfar | Samt. | Staður | Nánar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 20 | 4 | 196 | 220 | Jökuldalsheiði | S í Sandfelli V-lega í fjallsrótum |
| 2 | 14 | 1 | 120 | 135 | Jökuldalsheiði | N í Sandfelli A Helluhraunsaxlar |
| | 34 | 5 | 316 | 355 | **Jökuldalsheiði** | |
| 4 | 27 | 18 | | 45 | Sauðafell | Innan og vestan Sauðafellsöldu, V Jöklu |
| 5 | 58 | 46 | 1 | 105 | Kringilsárrani | Vestast í Rana utan við Hrauka |
| 6 | 1 | 1 | | 2 | Kringilsárrani | Utarlega í sporðinum utan Hrauka |
| 7 | 60 | 45 | | 105 | Kringilsárrani | A við sandhrúgöld töluvert innan við Hrauka |
| | 146 | 110 | 1 | 257 | **Vestan Jöklu** | |
| 8 | 1 | 1 | | 2 | Vesturöræfi | Rétt utan Jökulkvíslar innan Fitjahnjúks |
| | 1 | 1 | | 2 | **Vesturöræfi** | |
| 9 | 1 | 1 | | 2 | Undir Fellum | Utarlega í Þóriseyjum austarlega |
| | 1 | 1 | | 2 | **Undir Fellum** | |
| 10 | 10 | 5 | | 15 | Múli | V í felli innan Bergkvíslar |
| | 10 | 5 | | 15 | **Múli** | |
| 3 | | | 19 | 19 | Fljótsdalsheiði | NA Stóralækjarflóa stutt innan línu, Klausturselsh |
| 11 | 138 | 73 | | 211 | Fljótsdalsheiði | A og utan Halldórsöldu innan stöðvarlínu |
| 12 | 94 | 62 | 38 | 194 | Fljótsdalsheiði | A og utan Halldórsöldu |
| 13 | | | 47 | 47 | Fljótsdalsheiði | NA og utan Halldórsöldu |
| 14 | 9 | 1 | | 10 | Fljótsdalsheiði | nokkuð utan við Svartöldu, Klausturselsheiði |
| 15 | 164 | 95 | 4 | 263 | Fljótsdalsheiði | aðeins norðar, Klausturselsheiði |
| 16 | 237 | 133 | 22 | 392 | Fljótsdalsheiði | Tregludrög, Merkisheiði |
| 17 | | | 19 | 19 | Fljótsdalsheiði | Tregludrög, Merkisheiði |
| 18 | 133 | 86 | | 219 | Fljótsdalsheiði | Tregludrög, Merkisheiði |
| 19 | 118 | 85 | 3 | 206 | Fljótsdalsheiði | Milli Tregludraga og Villingafells, Merkish |
| 20 | 528 | 262 | | 790 | Fljótsdalsheiði | Hnefludrög A Villingafells, Hnefilsdalsheiði |
| 21 | 10 | 1 | 110 | 121 | Fljótsdalsheiði | Utar og aðeins austar, Hnefilsdalsheiði |
| 22 | 17 | 7 | | 24 | Fljótsdalsheiði | Hnefludrög A Villingafells, Hnefilsdalsheiði |
| 23 | | | 9 | 9 | Fljótsdalsheiði | Tregludrög, Merkisheiði |
| | 1448 | 805 | 271 | 2524 | **Fljótsdalsheiði** | |
| Samt. | 1640 | 927 | 588 | 3155 | | |

*1. tafla. Niðurstöður hreindýratalningar þann 9. júlí 2007.*



*1. mynd. 196 fullorðnir tarfar sunnan í Sandfelli á Jökuldalsheiði þann 9. júlí 2007.*

Þar sem grunur lék á að hreindýrum hefði fjölgað í Norðurheiðinni að sumarlagi síðustu árin var leitað þar. Tveir hreindýrahópar fundust í Sandfelli, samtals 355 dýr og megnið af þeim fullorðnir tarfar (1. mynd). Fyrir um 30 árum sáust alltaf tarfar í Sandfelli í sumartalningu en þeir hurfu síðan að mestu af svæðinu vegna veiða.
Vestan Jöklu innan Sauðár fundust 257 dýr og þar af aðeins einn fullorðinn tarfur. Undantekningarlaust hefur stór hluti dýra vestan Jöklu, í Kringilsárrana og Sauðafelli verið fullorðnir tarfar í sumartalningu. Líklegt verður að telja að nú hafi þeir haldið sig á Jökuldalsheiði.
Samanborið við talningu 22. júní (2. tafla) sést að kúm og kálfum fækkar um 67 í Kringilsárrana. Um mánaðarmótin júní – júlí sáust um 100 kýr og kálfar við Grjótgarðsvatn á Jökuldalsheiði, vestan Sænautafells á útleið, talin komin úr Kringilsárrana. Komu út í heiði á svipuðum tíma í fyrra (munnl uppl. Eiríkur Skjaldarson 22. júlí 2007).

| Dags. | Kýr/vetr. | Kálfar | Tarfar | Samtals | Staður | Kýr/vetr. : kálfar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 90707 | 146 | 110 | 1 | 257 | Kringilsárrani | 100 : 75 |
| 220607 | 191 | 132 | 8 | 331 | Kringilsárrani | 100 : 69 |
| 90707 | 1 | 1 | | 2 | Vesturöræfi | |
| 220607 | 458 | 284 | 0 | 742 | Vesturöræfi | 100 : 62 |
| 90707 | 1 | 1 | | 2 | Undir Fellum | |
| 220607 | 127 | 83 | 0 | 210 | Undir Fellum | 100 : 65 |
| 90707 | 10 | 5 | | 15 | Múli | 100 : 50 |
| 220607 | 0 | 0 | 0 | 0 | Múli | |
| 90707 | 1448 | 805 | 271 | 2524 | Fljótsdalsheiði | 100 : 56 |
| 220607 | 807 | 503 | 252 | 1562 | Fljótsdalsheiði | 100 : 62 |
| 90707 | 1606 | 922 | 272 | 2800 | **Samtals** | 100 : 57 |
| 220607 | 1583 | 1002 | 260 | 2845 | **Samtals** | 100 : 63 |

*2. tafla. Samanburður á hreindýratalningum þann 22. júní og 9. júlí 2007 eftir svæðum.*

Aðeins 2 dýr voru á Vesturöræfum 9. júlí þar sem voru 742 dýr 22. júní. Undir Fellum fundust einnig aðeins 2 dýr hvar 210 voru þann 22. júní. Dýrin sem voru inn við Snæfell í lok júní voru nú flestöll

komin út á Fljótsdalsheiði, einkum utan Byggðalínu og norðan Miðheiðar (sjá 2. töflu). Í 2. töflu er einnig sýnt hlutfallið á milli kúa/vetrunga og kálfa. Þann 22. júní voru 63 kálfar á hverjar 100 kýr og vetrunga en 57 þann 9. júlí. Hæpið er að þessar niðurstöður endurspegli náttúruleg dauðsföll hjá kálfunum heldur frekar mismunandi fjölda vetrunga með kúnum. Vert er að benda á að marktækur munur virðist vera á hlut kálfa austan og vestan Jöklu, þeim seinni í hag.
Út á Fljótsdalsheiði sást stök kýr á hlaupum með tvo kálfa, nokkuð frá næstu hjörðum og virtust þeir jafn gamlir (2. mynd).



*2. mynd. Skyldi hún eiga þá báða? - líklega tarf- og kvígukálfur. Í Hnefludrögum þann 9. júlí 2007.*

Þann 7. ágúst var flogið með Halldóri Bergssyni á TF KLÓ í ágætu veðri og leitað að hreindýrum vestan Jöklu innan Laugarvalla. Auk þess var lauslega leitað á Vesturöræfum innan línu frá Fífuleiruvatni í Grjótárhnjúk og á Eyjabökkum og Múla. Erfitt reyndist að sjá dýrin þar sem þau voru orðin mjög dökk og í litlum hópum. Mjög ítarlega var leitað í Sauðafelli og Kringilsárrana en eflaust einhver stök dýr eða fá saman orðið útundan. Stefán Scheving flaug yfir svæðið á TF KHB um klukkutíma fyrr og sá tvo stóra tarfa við Töfrafoss sem við fundum ekki. Líklegt er þó að við höfum fundið flestar kýr og kálfa á svæðinu.

| | Staður | Kýr/vetr | Kálfar | Tarfar | Samtals | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Kringilsárrani | 8 | 7 | | 15 | blátt í v. eyra |
| 2 | Kringilsárrani | 3 | 1 | | 4 | |
| 3 | Kringilsárrani | 23 | 19 | | 42 | |
| 4 | Sauðafell | 12 | 8 | | 20 | |
| 5 | Kringilsárrani | 9 | 6 | | 15 | |
| 6 | Kringilsárrani | 12 | 10 | 1 | 23 | |
| 7 | Kringilsárrani | 11 | 9 | | 20 | |
| 8 | Eyjabakkar | | | 9 | 9 | |
| | | 78 | 60 | 10 | 148 | |
| | Kýr/vetr. : kálfar | *100* | *77* | | | |
| | Vestan Jöklu | 78 | 60 | 1 | 139 | |

*3. tafla. Hreindýratalning vestan Jöklu innan Sauðár og á Eyjabökkum 7. ágúst 2007.*

Talningin 7. ágúst renndi stoðum undir það að fullorðnir tarfar sem vanir voru að ganga í Kringilsárrana í júlí og ágúst héldu sig nú líklega að mestu út á Jökuldalsheiði. Einnig kom í ljós að kúm/vetrungum og kálfum fækkar jafnt og þétt frá 22. júní til 7. ágúst. Á sama tíma hækkar hlutfall kálfa sem erfitt er að skýra öðruvísi en að vetrungum hafi fækkað með kúnum.

| Dags. | Kýr/vetr. | Kálfar | Samtals | Kýr/vetr. : kálfar |
|---|---|---|---|---|
| 22. júní 2007 | 191 | 132 | 323 | 100 : 69 |
| 9. júlí 2007 | 146 | 110 | 256 | 100 : 75 |
| 7. ágúst 2007 | 78 | 60 | 138 | 100 : 77 |

*4. tafla. Samanburður á fjölda og hlutfalli kúa/vetrunga og kálfa í þremur talningum vestan Jöklu, einkum Kringilsárrana.*

Talningin 7. ágúst benti einnig til þess að fá eða engin dýr væru á Vesturöræfum, á Eyjabökkum og Múla.

Í Kringilsárrana sást dýr með blátt merki í vinstra eyra (3. mynd). Rán Þórarinsdóttir og Reimar Ásgeirsson merktu það sem tarfkálf í Hálsi á Vesturöræfum móti Kringilsárós þann 13. maí 2006 og er þetta dýr því 15 mánaða gamalt.



*3. mynd. Merkt hreindýr í Kringilsárrana 7. ágúst 2007. Fimmta dýr að framan með blátt plastmerki í vinstra eyra.*

*Fylgiskjal 2*

# Samsetning hreindýrahópa í september og október 2007 á svæðum 1-5 og 8-9

### Samsetning hreindýrahópa 30. september og 28. október 2007 á svæði 1

| Svæði 1 30.9.2007 | Kýr | Kálfur | V tarfur | 2 tarfur | ad tarfur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Utan við Sænautavatn | 9 | 5 | | 1 | 1 | 16 |
| Utan við Sænautavatn | | | | | | 0 |
| Utan við Sænautavatn | 14 | 8 | 2 | 1 | 6 | 31 |
| Kringilsárrani Hraukar | | | | 1 | 1 | 2 |
| Kringilsárrani Hraukar | 1 | 3 | | | 1 | 5 |
| Samtals | 24 | 16 | 2 | 3 | 9 | 54 |
| Hlutfall % | 44% | 30% | 4% | 6% | 17% | |

| Svæði 1 28.10.2007 | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Nálægt Heiðaseli | 10 | 12 | 1 | 1 | 1 | 25 |
| Hálsamýri | 3 | 3 | 2 | 3 | 2 | 13 |
| Ánavatnsalda | 7 | 6 | 3 | | | 16 |
| Ánavatnsalda | 4 | 2 | | 1 | 1 | 8 |
| Ánavatnsalda | 20 | 16 | 7 | 5 | 5 | 53 |
| Ánavatnsalda | 31 | 19 | 8 | 8 | 11 | 77 |
| Nálægt Grunnavatni | | | 3 | 2 | 3 | 8 |
| Nálægt Grunnavatni | 2 | | 1 | | 2 | 5 |
| Nálægt Grunnavatni | 1 | | | 2 | 3 | 6 |
| Nálægt Grunnavatni | 17 | 13 | 5 | 4 | 6 | 45 |
| Ánavatnsalda | 1 | | 3 | 4 | 2 | 10 |
| SV við Sænautasel | 11 | 10 | 5 | 5 | 7 | 38 |
| SV við Sænautasel | | | | | 3 | 3 |
| SV við Sænautasel | 19 | 12 | 7 | 6 | 13 | 57 |
| Við N enda Ánavatns | 13 | 8 | 6 | 3 | 1 | 31 |
| Við N enda Ánavatns | 16 | 10 | 9 | 6 | 4 | 45 |
| Samtals | 155 | 111 | 60 | 50 | 64 | 440 |
| Hlutfall % | 35% | 25% | 14% | 11% | 15% | |

### Samsetning hreindýrahópa 30. september og 24. október 2007 á svæði 2

| Svæði 2 30.9.2007 | Kýr | Kálfur | V tarfur | 2 tarfur | ad tarfur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Innan við N6522694V01436496 | 12 | 7 | 3 | 1 | 5 | 28 |
| Bótarheiði NV við Sandvatn | 6 | 5 | | 1 | | 12 |
| Bótarheiði | 16 | 16 | 3 | 2 | 1 | 38 |
| NV við Sandvatn | 11 | 8 | 1 | | 2 | 22 |
| N Sandvatns við slóð | 11 | 8 | 2 | 1 | 1 | 23 |
| Teigarselsheiði - 6 og 7 sami hópur? | 11 | 7 | 1 | 3 | 1 | 23 |
| Teigarselsheiði - 6 og 7 sami hópur? | 13 | 7 | 3 | 3 | 1 | 27 |
| V við Sandvatn | 9 | 8 | 5 | | | 22 |
| A við Sandvatn | 3 | 2 | 1 | 1 | | 7 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 15 | 14 | | 2 | 1 | 32 |
| SA við Sandvatn | 26 | 22 | 2 | | 1 | 51 |
| SA við Sandvatn | 2 | 1 | | | | 3 |
| | | | 2 | | 1 | 3 |
| 1-3 km S við Sandvatn | 4 | 4 | 1 | 1 | | 10 |
| 1-3 km S við Sandvatn | 1 | 1 | 2 | | | 4 |
| 1-3 km S við Sandvatn | 7 | 6 | 3 | | 1 | 17 |
| 1-3 km S við Sandvatn - sami og 15? | 10 | 6 | 3 | 3 | 1 | 23 |
| 1-3 km S við Sandvatn | 11 | 8 | 3 | 1 | 1 | 24 |
| 1-3 km S við Sandvatn við Sandá | 2 | 3 | | 1 | | 6 |
| 1-3 km S við Sandvatn við Sandá | 10 | 4 | | | 2 | 16 |
| 1-3 km S við Sandvatn | 3 | 2 | 3 | | | 8 |
| 1-3 km S við Sandvatn | 1 | 1 | | | | 2 |
| 1-3 km S við Sandvatn við Sandá | 2 | 1 | 1 | | | 4 |
| 1-3 km S við Sandvatn | 7 | 6 | 4 | 1 | 1 | 19 |
| SV við Sandvatn | 5 | 5 | 3 | 2 | 1 | 16 |
| SV við Sandvatn | | | | | | 0 |
| SV við Sandvatn | 11 | 7 | 3 | 1 | 1 | 23 |
| SV við Sandvatn | 7 | 6 | 2 | | 1 | 16 |
| SV við Sandvatn | 2 | 3 | 1 | 2 | | 8 |
| SV við Sandvatn | 19 | 11 | 5 | 3 | 4 | 42 |
| SV við Sandvatn | 2 | 2 | 1 | 2 | 1 | 8 |
| SV við Sandvatn | 4 | 4 | 1 | | 1 | 10 |
| SV við Sandvatn | 14 | 8 | 8 | 2 | 1 | 33 |
| SV við Sandvatn | 7 | 8 | 1 | 1 | | 17 |
| SV við Sandvatn | 12 | 6 | 3 | 1 | | 22 |
| SV við Sandvatn | 8 | 6 | 1 | | | 15 |
| SV við Sandvatn | 2 | 2 | | | | 4 |
| SV við Sandvatn | 4 | 2 | 3 | 1 | | 10 |
| SV við Sandvatn | 23 | 18 | 2 | | 1 | 44 |
| SV við Sandvatn | | | 3 | | | 3 |
| SV við Sandvatn | 3 | 1 | 2 | | | 6 |
| SV við Sandvatn | | | | 1 | | 1 |
| SV við Sandvatn | 4 | 5 | | | | 9 |
| SV við Sandvatn | 5 | 4 | 1 | | 1 | 11 |
| SV við Sandvatn | 2 | 2 | 1 | 2 | | 7 |
| Dreift í Álftavatnshæð | 2 | 1 | | | | 3 |
| Skeggjastaðaheiði | 1 | 1 | 1 | | | 3 |
| Skeggjastaðaheiði í brúnum | 12 | 6 | 3 | 1 | 1 | 23 |
| V við Álftavatn | | | | | | |
| Við Fellakofa | 11 | 10 | 4 | 1 | 1 | 27 |
| Við Fellakofa | 15 | 11 | 1 | 1 | 1 | 29 |
| Við Fellakofa vestar | 1 | 1 | | | | 2 |
| | 369 | 277 | 93 | 42 | 35 | 816 |
| Hlutfall % | 45% | 34% | 11% | 5% | 4% | |
| | | | | | | |
| Fljótsdalsheiði 24.10.2007 | Kýr | Kálfur | V tarfur | 2 tarfur | ad tarfur | Samtals |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| v/Sauðabanalæk | 16 | 13 | 6 | 3 | | 38 |
| undir línu v/Sauðabanalæk | 23 | 28 | 9 | 6 | 2 | 68 |
| rétt utan við Vegufs | 5 | 2 | 2 | 1 | 3 | 13 |
| út á milli vatna | 5 | 4 | 1 | | 2 | 12 |
| yst í Gerðisflóa | 4 | 2 | | | 1 | 7 |
| yst í Stórudæld | 14 | 7 | 2 | 1 | | 24 |
| út og vestur af Vegufs | 15 | 11 | 4 | 1 | | 31 |
| Samtals | 82 | 67 | 24 | 12 | 8 | 193 |
| Hlutfall % | 42% | 35% | 12% | 6% | 4% | |

**Samsetning hreindýrahópa 30. september 2007 á svæði 3**

| Svæði 3 30.9.2007 | Kýr | Kálfur | V tarfur | 2 tarfur | ad tarfur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðurhlíð Súlna | 21 | 15 | 3 | 2 | 3 | 44 |
| Suðurhlíð Súlna | 48 | 34 | 8 | 5 | 9 | 104 |
| Mjóidalur | 6 | 6 | | 2 | 1 | 15 |
| Samtals | 75 | 55 | 11 | 9 | 13 | 163 |
| Hlutfall % | 46% | 34% | 7% | 6% | 8% | |

**Samsetning hreindýrahópa 28. október 2007 á svæði 4**

| Svæði 4 28.10.2007 | Kýr | Kálfur | V tarfur | 2 tarfur | ad tarfur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjarðaheiði | 25 | 19 | 7 | 6 | 11 | 68 |
| Mjóifjörður | 29 | 26 | 5 | 5 | 10 | 75 |
| Samtals | 54 | 45 | 12 | 11 | 21 | 143 |
| Hlutfall % | 38% | 31% | 8% | 8% | 15% | |

**Samsetning hreindýrahópa 2. október 2007 á svæði 5**

| Svæði 5 2.10.2007 | Kýr | Kálfur | V tarfur | 2 tarfur | ad tarfur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vöðlavík vestan við Svartafjall | 1 | 1 | | 1 | 1 | 4 |
| hópur rétt hjá 1 | 11 | 8 | 4 | 5 | 3 | 31 |
| A við Svartafjall | 54 | 32 | 11 | 3 | 12 | 112 |
| A við Svartafjall | | | | | | 0 |
| A Svartafells | | | | 1 | | 1 |
| Á Ímadal | | | | | | 0 |
| Á Súlnadal | | | | | 2 | 2 |
| Samtals | 66 | 41 | 15 | 10 | 18 | 150 |
| Hlutfall % | 44% | 27% | 10% | 7% | 12% | |
| | | | | | | |
| Reyðarfjarðarhjörð 28.10.2007 | 48 | 28 | 17 | 12 | 9 | 114 |
| Hlutfall % | 42% | 25% | 15% | 11% | 8% | |

## Samsetning hreindýrahópa 8. október 2007 á svæði 8

| Svæði 8 8.10.20.07 | Kýr | Kálfur | Vtarfur | 2tarfur | adtarfur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stutt innan Hoffells að Nverðu | 24 | 8 | 5 | 2 | 3 | 42 |
| Innst í Hoffellsdal | 4 | 2 | 2 | 1 | 1 | 10 |
| Innst í Hoffellsdal | 8 | 3 | 1 | 1 | 1 | 14 |
| Innst í Hoffellsdal | | | | | | 0 |
| Á Fossdal V Lambatungnajökuls | 6 | 4 | 1 | | 1 | 12 |
| Dalsheiði, móts við mynni Skyndidals | 6 | 5 | | 1 | | 12 |
| Inn og V af Dímu | 3 | 3 | | | 1 | 7 |
| Á miðri Kjarrdalsheiði | 2 | 2 | | | 1 | 5 |
| Vestan við Þorgeirsstaði | 4 | 3 | | 1 | 2 | 10 |
| Í Árnanesmúla inn af Laxárdal | 1 | 1 | | | | 2 |
| Fyrir botni Laxárdals | 4 | 2 | 2 | | 2 | 10 |
| SA í Stórahnaus, Lónsöræfi. | 6 | 2 | 2 | 1 | 2 | 13 |
| Rétt utan við Morsu, Víðidal. | 5 | 3 | 2 | 2 | 1 | 13 |
| Við Grund í Víðidal | 13 | 7 | 2 | 1 | 1 | 24 |
| A ár stutt utan við Norlingavað | 12 | 10 | 4 | 2 | 3 | 31 |
| Undir Vatnshlíðum | 4 | 3 | 2 | 1 | 2 | 12 |
| Undir Vatnshlíðum | 5 | 3 | 1 | 2 | | 11 |
| Undir Vatnshlíðum | 8 | 4 | | | | 12 |
| Samtals | 115 | 65 | 24 | 15 | 21 | 240 |
| Hlutfall % | 48% | 27% | 10% | 6% | 9% | |

## Samsetning hreindýrahópa 8. október 2007 á svæði 9

| Svæði 9 8.okt.07 | Kýr | Kálfur | Vtarfur | 2tarfur | adtarfur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Inn á Viðborðsdal | 4 | 4 | | | 1 | 9 |
| Viðborðsdalur, V við Svínafellsfjall | 1 | 1 | | | | 2 |
| Stutt utan og A við Haukafell | 24 | 13 | 8 | 1 | 1 | 47 |
| Framan við Fláajökul | | | | | 1 | 1 |
| Við Heinabergsvötn | 52 | 38 | 14 | 11 | 8 | 123 |
| Á túni NA af Flatey | 1 | 1 | 1 | | 1 | 4 |
| Samtals | 82 | 57 | 23 | 12 | 12 | 186 |
| Hlutfall % | 44% | 31% | 12% | 6% | 6% | |

## Samantekt 2007

| | Kýr | % | Kálfur | % | V tarfur | % | 2 tarfur | % | ad tarfur | % | Σtarfar | % | n | dags |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 155 | 35 | 111 | 25 | 60 | 14 | 50 | 11 | 64 | 15 | 174 | 40 | 440 | 28.10.07 |
| 2 | 369 | 45 | 277 | 34 | 93 | 11 | 42 | 5 | 35 | 4 | 170 | 21 | 816 | 30.9.07 |
| 3 | 75 | 46 | 55 | 34 | 11 | 7 | 9 | 6 | 13 | 8 | 33 | 20 | 163 | 30.9.07 |
| 4 | 18 | 38 | 6 | 13 | | | | 0 | | 0 | 24 | 50 | 48 | sept |
| 4 | 29 | 39 | 26 | 35 | 5 | 7 | 5 | 7 | 10 | 13 | 20 | 27 | 75 | 28.10.07 |
| 4 | 25 | 37 | 19 | 28 | 7 | 10 | 6 | 9 | 11 | 16 | 24 | 35 | 68 | 28.10.07 |
| 5 | 66 | 44 | 41 | 27 | 15 | 10 | 10 | 7 | 18 | 12 | 43 | 29 | 150 | 2.10.07 |
| 5 | 48 | 42 | 28 | 25 | 17 | 15 | 12 | 11 | 9 | 8 | 38 | 33 | 114 | 28.10.07 |
| 8 | 115 | 48 | 65 | 27 | 24 | 10 | 15 | 6 | 21 | 9 | 60 | 25 | 240 | 8.10.07 |
| 9 | 82 | 44 | 57 | 31 | 23 | 12 | 12 | 6 | 12 | 6 | 47 | 25 | 186 | 8.10.07 |
| Σ | 982 | 43 | 685 | 30 | 255 | 11 | 161 | 7 | 193 | 8 | 609 | 27 | 2276 | |

*Fylgiskjal 3*

# Tillaga um mat á ágangi 2007

Athuga að í mati á ágangi er stuðst við hreppaskiptingu eins og hún var fyrir sameiningu sveitarfélaga.

1. Vopnafjarðarhreppur
Þorsteinn Steinsson skrifaði Umhverfisstofnun bréf og spurðist fyrir um ágang á jörðunum Þorbrandsstöðum I og II. Þar sem hagaganga hreindýra hefur aukist í Vopnafirði hin síðari ár er ágangur metin nú 5% á Þorbrandsstaðajörðunum. Jarðirnar lendi báðar í flokk meðalstórra jarða (15%). Annað ágangsmat óbreytt frá 2006.

2. Jökuldalur auk Sellands, Blöndugerðis, Bótar, Flúða, Hlíðar, Heiðarsel og Skóghlíðar. Án Valþjófsstaðar- og Skriðuklausturslands sem liggur innan sveitarfélagsmarka Norður Héraðs.
Hagaganga hefur aukist á Jökuldalsheiði undanfarin ár. Lagt til að Möðrudalur fari í sama flokk og Laugavellir eða úr 10% í 15%. Annað óbreytt.

3. Jökulsárhlíð utan við Selland
Eftirfarandi jarðir lækkaðar um 5%; Ketilsstaðir (25>20), Eyjasel (20>15), Hólmatunga (20>15), Skriðufell (20>15) og Torfastaðir (20>15)

4. Hróarstunga utan við Flúðir, Bót, Hlíð, Skóghlíð, Heiðarsel og Blöndugerði
Húsey og Hallfreðarstaðir 2 haldist óbreytt, Hallfreðarstaðir 1 hækki úr 15 í 20% og allar aðrar jarðir í Tungu hækki úr 10 í 15%. Hagaganga hreindýra í Tungu að vetrarlagi hefur aukist hin síðari ár og munur á milli Húseyjar og annarra bæja minnkað.

5. Fellahreppur
Jarðirnar Sólbrekka, Setberg og Staffell eru með 20% og lagt til að hækka um 5% í samræmi við aðliggjandi jarðir. Eins með jarðirnar Hreiðarsstaðir, Hafrafell og Urriðavatn sem hækka úr 10 í 15%.

6. Fljótsdalshreppur auk lands Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs sem liggur í landi Norður Héraðs.
Hagaganga hreindýra hefur breyst verulega að sumarlagi á þessu svæði. Helstu breytingar eru þær að nú eru hreindýrin á innsta hluta Fljótsdalsheiðar í júlí en ekki Vesturöræfum. Einnig hefur borið minna á þeim austan Snæfells. Þar sem land Valþjófsstaðar nær út á móts við Ytra Eyvindarfjallið breytist ágangsmat ekki. Lagt til óbreytt ágangsmat.

7. Borgarfjarðarhreppur
Lagt til óbreytt ágangsmat.

8. Hjaltastaðaþinghá
Gagnstöð og Klúka fari úr 10 í 20% í samræmi við aukinn ágang síðustu ára og til að jafna muninn við jarðir norðan þessara jarða. Annað óbreytt.

9. Eiðaþinghá og bæir inn að Eyvindará (Þuríðarstaðir, Dalhús, Miðhús, Steinholt og Eyvindará)
Hjartarstaðir, Brennistaðir og Gilsárteigur eru allt fjallajarðir og óeðlilegur munur (10%) á þeim og 20% jörðum sunnar. Einnig er of mikill munur á þessum 20% jörðum og Snjóholti, Breiðavaði og Mýnesi. Lagt er til að hækka þessar sex jarðir um 5%. Annað óbreytt.

10. Vellir og jarðir innan Eyvindarár (Egilsstaðir, Kollsstaðagerði og Kollsstaðir)
Lagt er til að Vallanes hækki úr 15% í 20% þar sem jörðin sker sig frá öllum öðrum jörðum með hagagöngu síðustu árin á Fagradal, Svínadal og nærliggjandi svæðum.

11. Skriðdalur
Lagt til óbreytt ágangsmat.

12. Seyðisfjörður og Mjóifjörður
Jarðir við sunnanverðan Mjóafjörð; Kross, Krosstekkur, Reykir og Asknes hækki úr 5% í 10% enda hefur töluvert af hreindýrum gengið þar síðustu árin.

13. Norðfjörður og Eskifjörður
Ágangsmat verði óbreytt.

14. Reyðarfjörður
Hér eru lagðar til nokkrar breytingar vegna álvers og breyttrar hagagöngu. Hólmar fari úr 60% í 25%, Sómastaðir og Sómastaðagerði fari úr 25% í 15%, Áreyjar fari úr 10% í 20%, Hraun úr 25% í 10%, Framnes úr 10 í 5% (athuga Framnes aðeins 5 ha í fasteignamati og Hraun ekki inni svo það kemur til álita að meta áganginn engann á þessar jarðir). Annað óbreytt í 10%. Athuga Grænuhlíð, ef bætt við þá fær hún 10% (reyndar bara skráð 98 ha í fasteignamati).

15. Breiðdalshreppur
Lagt til óbreytt ágangsmat.

16. Djúpavogshreppur
Lagt til óbreytt ágangsmat.

17. Lón (gamli Bæjarhreppur)
Efri- og Syðri- Fjörður hækkað úr 10 í 15% vegna aukins ágangs þar og til að minnka mun á milli bæja. Lagt til að annað verði óbreytt.

18. Nes (gamli Nesjahreppur)
Lagt til óbreytt ágangsmat.

19. Mýrar og Suðursveit (gamli Mýrar- og Borgarhafnarhreppur)
Lagt til óbreytt ágangsmat.

*Fylgiskjal 4*

# Hagaganga hreindýra 2007

*Svæði 1.*

Febúar 2007

Nokkrir tugir vestan Ánavatns og annað eins utan við Sænautavatn (Svein Pálsson).

Mars 2007

50-100 dýr verið á Grundartúnum á Jökuldal (AJ).

28. janúar 2007

8 dýr í Hólmatungutúnum skv Gunnþórunni (HWS).

18. febrúar 2007

8 dýr verið í um viku á Hrafnabjargartúnum skv. Rúnari Guðmundssyni (HWS).

20. febrúar 2007

60 dýr á Hofteigstúnum skv. Hjalta Stefánssyni (HWS).

9. apríl 2007

70 hreindýr á túnum ofan við Hofteig, einnig 15. apríl (Bogi Kárason).

7. maí 2007

12 ungir hreintarfar 6 km utan við sæluhús á Vopnafjarðarheiði (JES).

25. maí 2007

Um 200 hreindýr á Jökuldal og eitt dautt rétt utan við Teigará (Áslaug Lárusdóttir).

30. maí 2007

Um 100 dýr á Hofteigstúnum, aðallega tarfar og flestir ungir. 17 upp með Gilsá, 3 í Múla og um 15 vestan við Skjaldklofa (RÁ).

Hreindýraskráning maí 2007 HWS

| | Dags. | Svæði | Tarfar | Kýr | Kálfar |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 10.5.2007 | Hauksstaðir,Jökuldal | 8 | | |
| 1 | 10.5.2007 | Hofteigur,Jökuldalur | 50 | | |
| 1 | 14.5.2007 | Sauðafell,Brúardalir | | 2 | 2 |
| 1 | 31.5.2007 | Hálsendavað,Hlíðarhús,Hlíðin | 13 | | |
| 1 | 31.5.2007 | Sleðbrjótsmelar-móar,Hlíðin | 19 | | |

1. júní 2007

"...ofboðslega mikið af dýrum á dalnum þennann dag bæði niðri í honum og eins líka í efstu beygjunni fyrir ofan Gilsánna. Á annað hundrað dýr í ca 3-4 hópum" (Áslaug Lárusdóttir).

Júní 2007

70-80 tarfar í Hákonarstaðaflóa í júní skv. Sigvalda Hreini (ES).

20. júní 2007

10 kýr með kálfa í mynni Vesturdals (ES).

Júnílok 2007

12 tarfar í Kaldártungum nálægt Þverá séðir af grenjamönnum (JES).

| svæði | Hreindýraskráningar HWS í apríl og júní 2007<br>Dags. | Svæði | Tarfar | Kýr | Kálfar | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 23.4.2007 | Hofteigur,Jökuldalur | 68 | | | 68 |
| 1 | 23.4.2007 | Hvanná,Jökuldalur | 7 | | | 7 |

1.-3. júlí 2007
Þann 1. júlí um 200 tarfar dreifðir frá Pyttá og inn fyrir Gilsármela og tveimur dögum seinna 70-80 á milli Dritfells og Skjaldklofa.

Júlíbyrjun 2007
200 fyrir norðan Sandfell í júníbyrjun (ES).

22. júlí 2007
100 kýr og kálfar við Grjótgarðsvatn á útleið, talin koma úr Kringilsárrana, komu út í heiði á svipuðum tíma í fyrra (ES).

20. ágúst 2007
Um miðjan ágúst voru um 100 kýr/kálfar á Kollseyrudal, um 40 á Álftadal, um 40 farið út um Vesturdal, um 40 farið um Breiðastykki, um 50 voru í Kringilsárrana og yfir 100 út með Hofsá. Tarfarnir úr Sandfellinu komnir út og austur, flestir líklega inn af Gnýstöðum, a.m.k. 2-300 (ES).

24. ágúst 2007
Tarfarnir á svæði 1 komnir inn fyrir veg og dreifst víða (JGG).

*Upplýsingar um dreifingu hreindýra á veiðitíma 2007 á svæði 1 tekið af hreindyr.is – skrifað af Jóhanni G. Gunnarssyni.:*

*20.8.: náðu menn törfum utan við Sandfell og virtust þeir einnig á leiðinni upp í sunnanvindinn*
*23.8.: felldir 4 tarfar í Hárekstaðaheiðinni og er töluvert af törfum komið inn fyrir þjóðveg þar*
*5.9.: Dýrin voru frá Háreksstaðaheiði inn við Sænnautavatn*

18. september 2007
Hreindýraleit í Jökuldalsheiði með Reimari Ásgeirssyni

| 18.sep.07 | 2 tarfur | 3- tarfur | x | samtals |
|---|---|---|---|---|
| v/Gestreiðarstaðakvísl | 1 | | | 1 |
| Heiðabrún upp af Grund | | | ca 50 | ca 50 |
| N í Sænautafelli | 4 | 9 | | 13 |
| NA Ánavatns | | | 26 | 26 |
| NV Sænautafells | | | 17 | 17 |
| NV Sænautafells | | | 6 | 6 |
| NV Sænautafells | | 1 | 4 | 5 |
| Lónakíll | | 1 | | 1 |
| samtals | 5 | 11 | ca 100 | ca 120 |

30. september 2007
Einn tveggja ára tarfur við Grjótgarðsvatn, 3 ungir út og austur af Þrívörðuhálsi og veturgamall og 2 ára við Vopnafjarðarafleggjara. Hópur innan og vestan Háreksstaða og annar inn og vestur af Fríðufelli (SGÞ). Um 50 dýr við Gestreiðarstaðakvíslina daginn áður (Vilhjálmur Vernharðsson).

*Svæði 2.*

Janúar 2007
Hreindýrin í Heiðarendanum hurfu um hátíðirnar. Eitthvað fór út í Tungu en talið að mörg hafi einnig leitað inn í heiði (HF).

Janúar 2007
Tveir hópar í Geirastaðamóa um hátíðarnar samkvæmt Þorsteini Gústafssyni sem hafði það eftir Elíasi á Galtastöðum.

Janúar 2007
Samkvæmt Sigurði Þórssyni bílstjóra hjá BMV hafa um 60 hreindýr í tveimur hópum haldið sig við Kárahnjúkaveg um hátíðirnar og hanga mikið í vegkantinum (JGG).

5. janúar 2007
Einn tarfur í Heiðarenda í Giljalandi og 6 dýr við Bót (HWS).

17. janúar 2007
43 dýr á Skipalækjartúni (HWS).

3. febrúar 2007
Keyrt inn Kárahnjúkaveg að Urgi. Um 500 hreindýr sáust á þeirri leið frá vegi. Jörð um allt (SGÞ).

7. febrúar 2007
Um 30 dýr ofan við Brekkugerði. Sáust þar seinni partinn í desember en síðan talið að þau hafi farið sem nú reynist rangt. Búin að skemma ungar plöntur m.a. aspir. 9 dýr í skógræktargirðingu utan við Bessastaði, reynt að reka þau í burtu en ekki gengið (JÞ).

12. febrúar 2007
23 á skipalækjartúni (HWS).

13. febrúar 2007
"Enn af hreindýrum. Þau dvöldu nú ekki lengi síðast þegar ég sendi þér upplýsingar um þau, en voru alltaf einhver að þvælast fyrir ofan bæ á Staffelli þó þau hafi ekki sést þaðan að heiman, fyrr en fyrir ca. 1/2 mánuði að þau fóru að venja komur sínar þangað heimað aftur. Þetta hafa verið eitthvað um 50 dýr (+/-) og fyrir nokkru átti ég leið í Egilssel en þá voru þar um 80 dýr" (tölvupóstur frá Eiríki Sigfússyni á Staffelli).

16. febrúar 2007
64 við Bót (HWS).

17. febrúar 2007
Um 30 kýr og kálfar við Bót (JGG).

17. febrúar 2007
Ekið inn Kárahnjúkaveg stutt inn fyrir Öxarárveg. Hreindýr dreifð með vegi alla leið en mest norðan og innan við Norðastafell. Einnig var stór hóput við raflínu austan við Hólmavatn. Um 750 hreindýr talin sem er náttúrulega lágmarkstala svo líklega voru þau nær 1000 á þessu svæði. Nákvæm hluttalning gaf 229 hyrndar kýr og 3 kollóttar, 129 kálfa, 67 veturgamla hyrnda tarfa, 9 tveggja ára hyrnda tarfa og 7 fullorðna kollótta eða samtals 444 dýr. Kálfar voru 29% af heild eða 56 á hverjar 100 kýr. Greinilegt á slóðum að þau höfðu verið mikið við veginn og virtist hvorki hann né línur út á heiði fæla dýrin frá. Búast má þó við að þessi mannvirki takmarki að einhhverju leiti beitiland á heiðinni en ekkert hægt að fullyrða um það vegna ónógra rannsókna.
Þunn klessa yfir heiðinni en hreindýrin virtust komast auðveldlega í gegnum hana með krafsi (hélt víðast hvar gangandi manni).

9 hreindýr utan við veg upp fjallið og líklega flest tarfar, líklega þau sömu og Andrés hefur verið að reyna að reka í burtu (SGÞ).

2. mars 2007
Um 250 hreindýr við Ormarsstaðaá í Fellum (HA).

3. mars 2007
A.m.k. 250 hreindýr við Ormarsstaðarétt, færðu sig síðan inn fyrir girðingu á túnið. Þó svo að girðingin sé ekki upp á marga fiska áttu sumir kálfar í erfiðleikum með að komast yfir og reyndu fyrst að troða sér undir eða í gegnum netmöskvana en enduðu síðan allir á því að stökkva yfir (SGÞ).

4. mars 2007
Hreindýrin komin töluvert inn fyrir Ormarsstaðaá og voru þar í tveimur hópum neðst í fjallinu, ekki færri en daginn áður og líklega eitthvað fleiri. Um 30 dýr, mest tarfar, við Ás afleggjarann nálægt þjóðvegi, fældust síðan norður yfir hann. Flogið (í Fokker) yfir Fella- og Fljótsdalsheiði og voru þær alhvítar yfir að líta alla vega utan við línu (SGÞ).

4. mars 2007
5 við Skóghlíð og 50 í Heiðarenda (HWS).

14. mars 2007
40 á Flúðatúni, voru 61 þann 8. mars. 44 á Skóghlíðartúni og 4 við Heiðarsel (HWS).

9. mars 2007
3 tarfar við veg nálægt Hofi í Fellum þ.a. 2 hyrndir og virtust a.m.k. þriggja ára (HA).

11. mars 2007
Tvö dýr á milli veggirðinga við Heiðasel (Þorsteinn Gústafsson).

14. mars 2007
Um 200 dýr við Hof og svipað við Teigarból (HA).

15. mars 2007
70-100 dýr innan við Skeggjastaði í Fellum (HA).

19. mars 2007
Um 30 dýr á Haugatúni, voru fyrir nokkrum dögum ofan við Birkihlíð í Skriðdal (EB).

20. mars 2007
27 tarfar á túninu á Hallbjarnarstöðum og þar með krypplingur samkvæmt Magnúsi Karlssyni. Sá sást innarlega í Breiðdal, við Hestháls fyrir jól og líklega sama dýrið inn á Fljótsdalsheiði nálægt Axará síðastliðið sumar (RÁ).

21. mars 2007
Um 100 hreindýr við Seyðisfjarðarveg austan við Steinholt (Ólöf Zópóníasdóttir). Hlynur Halldórsson segir þau eitthvað hafa komið í Miðhúsaskóg að undanförnu.

22. mars 2007
Um 30 dýra hópur á Sturluflatartúni, búinn að vera meira og minna í vetur (SI).

3. apríl 2007
Um 100 voru á Skeggjastaðatúnum og fótbrotinn tarfur við fjárhús Hofsbænda skv. þeim (JGG). Um 100 dýr séð frá Kárahnjúkavegi inn að Laugarfelli (SGÞ).

16. apríl 2007
Um 100 hreindýr, mest tarfar og gelddýr á Hjáleigutúni í Tungu. Komu 2-300 út alla Tungu í vetur og líklega fór hópur yfir á ís en yfirleitt skila þau sér yfir aftur fyrir vorið og oft þá ofan við Lagarfljótsvirkjun (Gunnar Guttormsson).

17. apríl 2007
Um 100 dýr við Hallfreðarstaði, komu snemma í vetur, líklega alltaf sömu dýrin sem sést hafa víða í Miðtungu (Jón Steinar Elísson).

20. apríl 2007
Um 30 dýra hópur á Geirastaðatúnum í vikunni, líklega tarfar (Þorsteinn Gústafsson).

21. apríl 2007
32 tarfar á Skóghlíðartúni (GGE, myndir).

23. apríl 2007
Talið að hreindýr hafi skemmt um 1500 aspir í Brekkugerðislandi, aðallega með því að bíta toppinn af rúmlega metersháum plöntum (JÞ).

7. maí 2007
7 ungir tarfar og vetrungar á Sturluflatartúni tiltölulega nýkomnir. Haft eftir Guttormi í Geitagerði að hann hafi séð sinn stærsta hreindýrahóp í byggð um daginn við Skeggjastaði (SI).

25. maí 2007
5 tarfar fyrir neðan Heiðasel (JGG).

30. maí 2007
Um 40 tarfar, flestir ungir á túninu innan og norðan við Urriðavatn, tveir hópar, 10 og 30 dýr á Skóghlíðartúnum (RÁ).

Hreindýraskráning maí 2007 HWS

| | Dags. | Svæði | Tarfar | Kýr | Kálfar | ógr./juv | Annað |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1.5.2007 | Grjótlækir,Þuríðarstaðadalur | | 37 | | | |
| 2 | 1.5.2007 | Sauðafellsflói | | 40 | | | |
| 2 | 1.5.2007 | Sauðafellsflói | | 120 | | | |
| 2 | 1.5.2007 | NA v/Laugafell | | 4 | | 6 | |
| 2 | 3.5.2007 | Grímstorfa,Fellahreppur | 37 | | | | |
| 2 | 13.5.2007 | Bessastaðafjall,Fljótsdalur | | | | 40 | kk&juv bl. |
| 2 | 13.5.2007 | Bessastaðafjall,Fljótsdalur | 3 | | | | |
| 2 | 13.5.2007 | Eyrarselsvatn,Fljótsd.heiði | | | | 20 | |
| 2 | 14.5.2007 | Sauðá á Vesturöræfum | | 1 | 1 | | |
| 2 | 14.5.2007 | Klapparlækur,Vesturöræfi | | 20 | | | |
| 2 | 14.5.2007 | Vestradrag | | 3 | | 3 | |
| 2 | 14.5.2007 | Eyrarselsvatn,Fljótsd.heiði | | | | 8 | |
| 2 | 14.5.2007 | Bessastaðafjall,Fljótsdalur | | | | 44 | |
| 2 | 17.5.2007 | Bessastaðafjall,Fljótsdalur | | | | 29 | |
| 2 | 17.5.2007 | Vesturöræfi | | 1 | 1 | | |
| 2 | 20.5.2007 | Fljótsbotn | 2 | | | | |
| 2 | 20.5.2007 | Háls,Lindur,Vesturöræfi | | | | 8 | slóðir |
| 2 | 21.5.2007 | Háls,Lindur,Vesturöræfi | | 5 | | | kollóttar,kálf |
| 2 | 21.5.2007 | Vestradrag | | 23 | 3 | | |
| 2 | 21.5.2007 | Vestradrag | | 5 | | | tíbrá |
| 2 | 21.5.2007 | Dragalda | | 4 | | | |
| 2 | 21.5.2007 | SV v/Þrælaháls | | 1 | 1 | | |
| 2 | 21.5.2007 | Miðheiðarháls,Fljótsd.heiði | | | | 17 | 6+11 ógr. |
| 2 | 21.5.2007 | Fremri Sauðabanalækur | | | | 12 | juv |
| 2 | 21.5.2007 | Bessastaðafjall,Fljótsdalur | | | | 33 | bl juv & tarf. |
| 2 | 22.5.2007 | Vestradrag | | 22 | 22 | | |
| 2 | 25.5.2007 | Urriðavatn,Fell | 2 | | | | |
| 2 | 30.5.2007 | Heiðarendi | | 1 | | | |

4. júní 2007
Þessi hópur var á ferðinni rétt fyrir utan bæjarlækinn (Egilsstaðir í Fljótsdal) á hvítasunnudag (GGE). Á mynd sem fylgdi með voru 20 tarfar og ung dýr.

Vika af júní 2007
40-50 dýra hópur ofan við Blöndugerði (JGG).

F.h. júní 2007
Um 30 tarfar í Skógargerði (Ragnhildur Rós Indriðadóttir).

15. júní 2007
Um 50 tarfar hafa haldið sig við Droplaugarstaði og skemmt töluvert. Eftir að þeir fóru í kartöflugarðinn voru þeir reknir með sexhjóli langt upp í fjall og hafa ekki sést síðan (Lárus Heiðarsson).

**Hreindýraskráningar í apríl og júní 2007**

| svæði | Dags. | Svæði | Tarfar | Kýr | Kálfar | ógr./juv | Alls | Ath. | n | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1.4.2007 | Ærlækur,Hróarstunga | 9 | 1 | | | 10 | HWS | 1 | |
| 2 | 1.4.2007 | Flúðir,Hróarstunga | 29 | | | | 29 | HWS | 1 | |
| 2 | 3.4.2007 | Heiðarsel,Hróarstunga | 8 | 2 | | | 10 | HWS | 1 | |
| 2 | 4.4.2007 | Skóghlíð,Hróarstunga | 11 | 2 | | | 13 | HWS | 1 | |
| 2 | 13.4.2007 | Hallfreðarstaðir,Hróarstunga | 13 | 0 | 0 | 0 | 13 | HWS | 1 | |
| 2 | 15.4.2007 | Hallfreðarstaðir,Hróarstunga | 65 | | | | 65 | HWS | 1 | |
| 2 | 15.4.2007 | Hallfreðarstaðir,Hróarstunga | 13 | | | | 13 | HWS | 1 | 1þrífættur |
| 2 | 19.4.2007 | Hallfreðarstaðir,Hróarstunga | 78 | | | | 78 | HWS | 1 | blá |
| 2 | 22.4.2007 | Hallfreðarstaðir,Hróarstunga | | | | 11 | 11 | HWS | 1 | |
| 2 | 23.4.2007 | Heiðarsel,Hróarstunga | 11 | | | | 11 | HWS | 1 | |
| 2 | 23.4.2007 | Hallfreðarstaðir,Hróarstunga | | | | 44 | 44 | HWS | 1 | |
| 2 | 25.4.2007 | Hof,Fell | 56 | | | | 56 | HWS | 1 | skógrækt |
| 2 | 25.4.2007 | Hof,Fell | 13 | | | | 13 | HWS | 1 | |
| 2 | 26.4.2007 | Grímstorfa,Fellahreppur | 18 | | 6 | 1 | 25 | HWS | 1 | |
| 2 | 26.4.2007 | Hallfreðarstaðir,Hróarstunga | 9 | | | | 9 | HWS | 1 | |
| 2 | 28.4.2007 | Flúðir,Hróarstunga | 22 | | | | 22 | HWS | 1 | |
| 2 | 28.4.2007 | Hallfreðarstaðir,Hróarstunga | 8 | | | | 8 | HWS | 1 | |
| 2 | 29.4.2007 | Flúðir,Hróarstunga | 13 | | | | 13 | HWS | 1 | |
| 2 | 29.4.2007 | Ærlækur,Hróarstunga | 19 | | | | 19 | HWS | 1 | |
| 2 | 2.6.2007 | Heiðarendi | 35 | | | 17 | 52 | HWS | 1 | |
| 2 | 2.6.2007 | Húsey | 29 | | | | 29 | HWS | 1 | 70 skv ÖÞ |
| 2 | 5.6.2007 | Heiðarendi | 13 | | | | 13 | HWS | 1 | |
| 2 | 5.6.2007 | Urriðavatn,Fell | 29 | | | | 29 | HWS | 1 | |
| 2 | 24.6.2007 | Skóghlíð,Hróarstunga | 3 | | | | 3 | HWS | 1 | |

11. júlí 2007
3 tarfar í Heiðarenda neðan við Heiðarsel (JGG).

12. júlí 2007
20+ tarfar á Fiskidal utan og austan Hallfreðarstaða (JGG eftir Baldri á Kirkjubæ).

26. júlí 2007
Fullorðinn tarfur, veturgamall og einhyrnt kýr með frekar litlum kálfi yst í Syðradragi, engin önnur sjáanleg á Vesturöræfum utan við Sauðá (SGÞ).

3. ágúst 2007
23 hreindýr í fóðurkáli við Hallfreðarstaði skv. GG, hafa komið dag eftir dag skv. þeim bræðrum (JGG).

<u>20. ágúst 2007</u>
Hópurinn sem var upp af Hrafnkelsdal og lenti síðan inn á Vesturöræfi nú kominn í Þórfellið við Eyvindará. Líklegt að ferðir dýranna mótist af veiðunum en álagið hefur verið mikið á þessa hjörð (AJK).

<u>24. ágúst 2007</u>
Um 30 tarfar við Gunnhildargerði og þar í hópurinn sem var út við Húsey (JGG).

<u>1. september 2007</u>
Allt að 400 hreindýr í Húseyjarlandi þegar mest var veturinn 2006-7. Eftir urðu og eru enn 23 dýr sem héldu sig utan girðingar og þ.a. ein kýr með kálfi sem bar líklega nálægt Silungakvíslinni, um 40 innan bæjar og um 20 við Steinboga. Eitthvað af þeim flakka fram og til baka yfir Lagarfljótið og hluti þeirra verið skotinn austan Fljóts og a.m.k. einn í landi Gunnhildargerðis (ÖÞ).

<u>*Upplýsingar um dreifingu hreindýra á veiðitíma 2007 á svæði 2 tekið af hreindyr.is – skrifað af Jóhanni G. Gunnarssyni.:*</u>

*15.7.: Tveir tarfar felldir á svæðinu frá Klausturselsheiði og út undir Sandvatn.*
*20.7.: Töluvert af törfum og kúm komið inn að Sauðabanalæk.*
*25.7.: Dýrin á hraðri leið út Fljótsdalsheiðina enda norðaustan spá og blæs af hafi á Héraði.*
*27.7.: Dýrin komin utarlega í Teigarselsheiðiheiði.*
*2.8.: Erfiðlega gekk að finna dýrin, fundust þau svo við Hneflukvíslar og einnig í Klausturselsheiði.*
*3.8.: Veitt í Klausturselsheiði og fyrir austan Villingafell.*
*4.8.: Dýrin rásað áfram út heiðina og erfiðlega gekk að finna þau.*
*5.8.: Veitt norðan við Villingafell, í Klausturselsheiði og norðan við Eyvindarfjöll.*
*6.8.: Dýrin í Klausturselsheiði rétt utan við línu og upp með Hölkná norðan Eyvindarfjalla.*
*7.8.: Dýrin á leið inneftir og eru vestur af Kálfafelli og einnig í Klausturselsheiði.*
*8.8.: Dýrin voru aðallega á svæðinu frá Gilsárvötnum inn um Þrælaháls og inn undir Kárahnjúkaveg.*
*9.8.: Dýrin komin niður fyrir veg og eru einnig austan við Þrælaháls og út við línu ofan Bessastaða*
*12.8.: Dýrin voru á hraðri leið út heiðina og voru komin yst í Klausturselsheiði og utar er leið á daginn.*
*14.8.: Hópar fundust við Fjallkollinn ofan Vaðbrekku.... voru annars vegar ofan við Aðalból og hinsvegar utarlega í Fellaheiði.*
*15.8.: Tarfarnir voru sumir felldir vestur af Stóröxl en þar er mikið af dýrum á erfiðu svæði milli kvíslanna.*
*20.8.: Verið var að veiða úr kúahópnum við Þórfellið en þau dýr voru orðin dálítið hvekkt eftir skothríðina síðustu daga. Fleiri dýr komu svo inn brúnirnar og inn undir Vegufs í kvöld. Sumir fóru í Fellaheiðina upp frá Ási og felldu þar bæði tarfa og kýr*
*21.8.: Dýrin komin inn á Fljótsdalsheiði…. dýrin voru flest kominn inn með vötnum og mikil ferð á þeim inn heiðina*
*22.8.: Dýrin komin inn á Fljótsdalsheiðina kringum Þrælaháls.*
*23.8.: Dýrin á sv. 2 eru komin innarlega á Fljótsdalsheiðna og sennilega eitthvað inn á Vesturöræfi…. dýrin dreifð frá Gilsárvötnum norðu í Eyvindarfjöll og þar vesturfyrir. Veitt var einnig í Urginum og á Glúmstaðadal.*
*25.8.: dýrin komin út í Rana norðan Eyvindarfjalla og einnig út í Klausturselsheiði*
*27.8.: voru dýrin í Klausturrana og út í Fellaheiði*
*30.8.: Dýrin voru dreifð frá Fellakofa og inn undir Axarárvötn.*
*31.8.: …fellt við Bessastaðavötn og út við Svartöldu og annað innar í Grautarflóa. Einnig voru dýr utar í heiðinni.*
*1.9.: Dýrin voru á leiðinn út heiðina og norður …Fellt var frá Eyvindarfjöllum út Klausturselsheiði og út í Fellaheiði.*
*4.9.: Dýrin á sv. 2 eru á töluverðu skriði upp í vindinn þannig að trúlega er stefna þeirr yfir Miðheiði inn að vötnum…Hvass vindur úr suðri og rigning á sv.2. Dýrin að færa sig framar á svæðinu og austar á heiðinni*
*5.9.: Á svæði 2 voru svo felldar 7 kýr flestar í Klausturselsheiði.*

22. september 2007
Engin hreindýr sjáanleg nokkru utan við línu og inn að Snæfelli á austanverðri heiðinni (SGÞ).

29. september 2007
Einn tveggja ára tarfur á hálsinum norður af Laugarhúsum í Hrafnkelsdal (SGÞ).

30. september 2007
Mjög mikið af hreindýrum í nágrenni Sandvatns á Fellaheiði og alveg niður undir Skóghlíð. Stefán Jónsson lenti inn í Miðheiðardæld og sá engin dýr (HF).

21. október 2007
Tveir ungir tarfar neðan við Grímstorfu (JGG).

28. október 2007
Um 100 dýra hópur fór inn með Hafursfelli fyrir um viku (SI).

29. október 2007
2-300 dýr séð frá vegi frá Eyrarselsvatni út að Norðastafelli, einn hópur austan Eyrarselsvatns norðan vegar, dreif vestan við Hólmavatn og nokkrir hópar í átt að Gilsárvötnum nálægt Grenisöldu (SGÞ).

15. nóvember 2007
Um 80 dýr austan við Grenisöldu á Fljótsdalsheiði og reitingur með vegi þar í nágrenninu. Keyrt á kú um hálf sex og hún skorin (SGÞ).

16. nóvember 2007
Fimm ungir tarfar í Heiðarenda utan girðingar, einn áberandi minnstur (JGG).

11.desember 2007
Slóðir sáust eftir hreindýr yfir veg út í Tungu í Heiðarenda (JGG).

---

*Svæði 3.*
17. febrúar 2007
15 við Snjóholt (HWS).

7. mars 2007
"....það er óvenju mikið af hreindýrum á Eyjunum, hópur við Gagnstöð ca 20 dýr....svo var stór hópur á Sandi....komst upp í 52, þetta var blönduð hjörð sum hyrnd en fleiri kollótt sýndist mér og eitthvað af ungviði... Ég hef ekki séð nein dýr á þessu svæði undanfarið" (tölvupóstur frá Soffíu Ingvarsdóttur).

14. mars 2007
20 við Tókastaði skv. Heiði Ó. Helgadóttur (HWS).

Mars 2007
15 og 35 dýr við Sandbrekku, 100 við Laufás og 28 við Hjartarstaði skv. Stefáni Kristmannssyni (HWS).

28. mars 2007
Um 120 dýr á Þrándarstaðatúni. Kýrnar það þroskamiklar að ólíklegt er að þær séu ættaðar af Fljótsdalsheiði frekar úr Hraundal/Loðmundarfirði (RÁ). Um sexleytið voru þau komin niður undir Mýnesgrúsir skv. Jóni Inga Sigbjörnssyni.

6. apríl 2007
142 stutt innan og austan við Breiðavað (HWS).

9. apríl 2007
Hópurinn sem HWS nefnir hér á undan á Breiðavaðstúnum (SGÞ).

7. apríl 2007
Tveir all stórir hópar í Botnsdal við Hvannafell á milli hátíða séð úr flugvél (SI og JES).

9. apríl 2007
18 tarfar við Gagnstöð (SGÞ).

17. apríl 2007
Í nóvember 2006 var um 40 dýra hópur við Tindfell og möguleiki að þau hafi lent upp á Hérað og sameinast "týndu" hjörðinni þar sem mögulega voru dýrin í kringum Þrándarstaði í febrúar-mars 2007 (SS).

20. apríl 2007
Yfir 100 dýra hópur rétt utan við Mýnesbæinn (SGÞ).

22. apríl 2007
Tveir hópar ofan við Stakkahlíð um 20 og 50 dýr. Á sama tíma slóð eftir töluverðan hóp ofan við Hvannstóð. Leitaði af hópnum sem hafði sést við Mýnes daginn áður en fann ekki (JES).

3. maí 2007
4 snuddar við Svartfellið (SS).

4. maí 2007
33 kýr þ.a. 3 kollóttar, 34 vetrungar, rest tarfar á öllum aldri, heildartala 125, á túnum við Þrándarstaði en 11 til viðbótar við Mýnes. Skilyrði til talningar góð (RÁ).

Maí 2007
Haft eftir Sigurbirni í Gilsárteigi að um 180 dýr hefðu sést fyrir ofan bæinn (SS).
50-60 hreindýr til vandræða í skógrækt á Víðastöðum (JGG).

Hreindýraskráning maí 2007 HWS

| | Dags. | Svæði | Tarfar | Kýr | Kálfar |
|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4.5.2007 | Eyland,Hjaltastaðaþinghá | 17 | | |
| 3 | 4.5.2007 | Klúka,Hjaltastaðaþinghá | 28 | | |
| 3 | 16.5.2007 | Mjóavatn,Dratthalast.,Hjstþhá | 31 | | |
| 3 | 16.5.2007 | Móberg,Hjaltastaðaþinghá | 3 | | |
| 3 | 24.5.2007 | Dratthalastaðir,Hjaltast.þinghá | 1 | | |
| 3 | 29.5.2007 | Víðastaðir,Hjaltast.þinghá | 2 | | |

Um 20. júní 2007
12 tarfar á túninu á Breiðavaði (JGG).

25. júní 2007
15 tarfar voru í dag út á eyju (SK).

**Hreindýraskráningar HWS í apríl og júní 2007**

| | Dags. | Svæði | Tarfar | Kýr | Kálfar | Alls | n |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 24.4.2007 | Sandur,Hjaltastaðaþinghá | 44 | | | 44 | 1 |

11. júlí 2007
16 tarfar út á Eyju austan við Klúkuafleggjarann (SS).

23. ágúst 2007
Um 15 tarfar birtust á Eyjunni skv. Skúla Sveinssyni. Á sama tíma 6 við Ekru. Skúli fann rúmlega 100 dýra hóp innarlega á Gilsárdal og annan utar Héraðsmeginn um 70 dýr. Stærri hópurinn hafði sést fyrr við Vestdalsvatn (JGG).

Ágúst 2007
Hreindýr ullu spjöllum í kartöflugarði á Víðastöðum.

*Upplýsingar um dreifingu hreindýra á veiðitíma 2007 á svæði 3 tekið af hreindyr.is – skrifað af Jóhanni G. Gunnarssyni.:*

*15.6.: Þrír tarfar skotnir út á Eyju í Hjaltastaðarþinghá.*
*22.8.: Kýrnar fundust á svæði 3 í Gilsárdal*
*23.8.: tvær hjarðir alls um 150-70 dýr. Voru þær framarlega á svæðinu önnur utan við Gilsárdal og hin austar.*
*7.9.: …fundust dýrin í Hraundal*

Septemberbyrjun 2007
10 tarfar sáust í smalamennsku við Hákarlshaus innan til í Loðmundarfirði. Vitað var um 12 tarfa í Herjólfsvík, líklega líka gengið á Glettingnum og svo voru 2+3+4 í fjöllunum Héraðsmegin (SS).

23. september 2007
20-30 dýr komu að norðan yfir í Njarðvík í gær, eitthvað af fullorðnum törfum. Beljuhópurinn fannst í Norðdalnum og síðan var hann á síðustu dögum veiðitímans við Sandaskörð, um 140 dýr (SS).

30. september 2007
Þorsteinn á Jökulsá sá hreindýrahóp við Súlur fyrir stuttu (SS) og Rán náði að mynda þau úr lofti.

1. nóvember 2007
Guttormur Kristmannsson sá 20-30 dýr fyrir stuttu skammt frá Hjartarstöðum og tveir tarfar sáust nálægt Svínafelli (SK).

8. nóvember 2007
"*Ég fór að smala í Hjaltastaðaþinghánni í gær 7. okt. Mikið var af hreindýrum á svæðinu frá Urðardalnum (Stórurðinni) inn að Stangará þ.e. í Sandbrekkuafréttinni. Tveir 20 dýra hópar (samtals 40 dýr) voru saman í mestu makindum rétt utan við Borgfirðingavaðið á Hraundalsánni (Bjarglandsánni). Í hvorum hópi var a.m.k. einn myndarlegur tarfur en líka yngri tarfar sem þeir eldri stjökuðu reglulega við og eitthvað sló í brýnu milli eldri tarfanna því það heyrðust heilmiklir hornaskellir.... Amk einn hópur fór inn Sandadal. Fleiri hópar með 15 – 20 dýrum í voru á svæðinu þarna fyrir utan*" (Líneik Anna Sævarsdóttir).

15. nóvember 2007
Skýrsla um fjölda hreindýra í Víðastaðalandi afhent Náttúrustofu með milligöngu BSA. Þar kemur fram að í vetur, frá 24. febrúar hafi allt að 50 hreindýr gengið þar. Þann 24. maí tókst að reka 50 dýr austur á Eyjar og eftir það voru þau mun færri (2-18) fram í ágúst. Í júní til september voru þau 2-40 og ullu spjöllum í kartöflugarði.

*Svæði 4.*
1. febrúar 2007
Um 30 hreindýr stutt framan við veg ofan við Steinholt skv. Elvu Pétursdóttur Seyðisfirði (JGG).

Janúar 2007
Um 30 dýra hópur við Mjóafjarðarveg á Eyvindardal í lok janúar. Ekki vitað hvort þau eru af svæði 4, hluti Reyðarfjarðarhópsins eða Héraðsdýr (Aðalsteinn Aðalsteinsson yngri).

19. febrúar 2007
Um 30 dýr við Länguhlíð út og ofan við Steinholt (HA).

Mars 2007
Í marsbyrjun voru um 30 dýr við Lönguhlíð út og ofan við Steinholt (RÁ).

26. mars 2007
118 (42 tarfar, 36 kýr, 14 kálfar og 26 ógreind) utan og ofan við Steinholt (í skógræktinni) og 18 tarfar á Uppsalatúni (HWS).

28. mars 2007
Um 50 dýr á Eyvindardal norðan ár gengt Hnútu (Þröstur Eysteinsson).

29. mars 2007
90 í mynni Fagradals Héraðsmeginn undir Skagafelli. Megnið kýr og kálfar, örfáir tarfar. Líklega sama hjörð og Þröstur sá í gær. Reimar Ásgeirsson skoðaði þessi dýr líka og taldi 93 dýr. Á sama tíma 77 á áreyjum framan við Áreyjar (sömu og sáust á sömu slóðum í gær) og þ.a. a.m.k. 30 fullorðnir tarfar. Sá stærsti kominn með áberandi hornstubba (SGÞ).

6. apríl 2007
Um 139 dýr utan í Hrossamel á Fagradal(HWS).

13. apríl 2007
Þessi dýr [mynd fylgdi, 50 dýr] voru í Fjarðarheiði, rétt ofan við pípuhliðið upp úr klukkan fjögur á föstudag. Sá svo 10-15 dýra hóp gegnt sæluhúsinu á Fagradal um klukkan átta sama dag (GGE).

15. apríl 2007
6 kýr og kálfar gengt sæluhúsinu á dalnum (SGÞ).

Apríl 2007
15-20 dýr haldið sig við Skálanes í vetur, ekki vitað um fleiri dýr í Seyðisfirði (ÓÖP og JES).

10. maí 2007
14 fullorðnir tarfar inn í Mjóafirði og 40 dýr að sunnanverðu búin að vera þar í allan vetur skv. Sigfúsi Vilhjálmssyni (SS).

Hreindýraskráning maí 2007 HWS

| sv | Dags. | Svæði | Tarfar | Kýr | Kálfar | ógr./juv |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 4.5.2007 | Fossgerði,Eiðaþinghá | | | | 120 |
| 4 | 6.5.2007 | Fljótsbakki,Eiðaþinghá | 46 | | | |
| 4 | 28.5.2007 | Tókastaðir,Eiðaþinghá | 65 | | | |

10. júní 2007
Fimm tarfar við veginn hérna rétt upp í Fjarðarheiðinni (SK).

**Hreindýraskráningar HWS í apríl og júní 2007**

| sv | Dags. | Svæði | Tarfar | Kýr | Kálfar | ógr./juv | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5.4.2007 | Breiðavað,Eiðaþinghá | 53 | 45 | 44 | | 142 |

24. ágúst 2007
Um fjórir tarfar hafa gengið í kringum Snjóholt og Breiðavað (JGG).

24. ágúst 2007
Um 100 dýr fyrir ofan Fjörð í Mjóafirði (JGG).

*Upplýsingar um dreifingu hreindýra á veiðitíma 2007 á svæði 4 tekið af hreindyr.is – skrifað af Jóhanni G. Gunnarssyni.:*

*23.8.: Á svæði 4 fundust loks dýrin og var um 100 dýra hjörð upp af Firði í Mjóafirði var hjörðin þar á erfiðum stað upp undir klettum í sunnaverðum Mjóafirði*
*8.9.: …fannst hjörð í Seyðisfirði*

Ágústlok 2007
Hjörðin er í Asknesdal og reikar yfir í Reykjadal, stundum Norðfjarðarmeginn. Gætu verið um 40 tarfar, jafnmargar kýr og restin kálfar. Um 20 tarfar 3 ára eða eldri og all margir mjög fallegir. Á sama tíma um 15 dýr í Skógarbotni innst í Mjóafirði að norðan. Rakst síðan á svipaðan hóp á Austdal nokkru seinna og voru það allt tarfar nema ein kýr (BI).

19. september 2007
"Ég kastaði tölu á þennan hóp og held að grófsnittað séu þarna [Skálanesbjarg] 24 tarfar 18 beljur og 5-6 kálfar (ÓÖP).

---

*Svæði 5.*
9. janúar 2007
Einn fullorðinn tarfur húkandi niður við á stutt frá Biskupshlaupi (JES).

14. janúar 2007
78 á Fagradal (HWS).

21. janúar 2007
Rúmlega 100 dýr á Fagradal (Pétur Heimisson).

Janúar 2007
Rúmlega hundrað dýr Reyðarfjarðarmegin á Fagradalnum í lok mánaðarins (Aðalsteinn Aðalsteinsson yngri).

5. febrúar 2007
Mánudaginn þann 5. febrúar s.l. fór ég um Fagradal í góðu veðri, hreindýrahjörðin var þar á beit og í henni allstór tarfur enn með bæði hornin. Dýrin voru um vatnaskil á dalnum að austan, þau gætu hafa verið um 100 talsins (BI).

8. febrúar 2007
Hjörðin en á svipuðum slóðum og voru talin um 120 (JGS). 125 í Skagafellinu (sömu dýr) (HWS).

14. febrúar 2007
100 á Fagradal skv. Atla V. Jóhannessyni (HWS).

21. febrúar 2007
25 tarfar þ.a. 3 hyrndir (ungir) inn við Eskifjarðarsel og 4 kýr og 3 kálfar á Flesjum ofan við Breiðuvík fyrir nokkrum dögum (PL).

4. mars 2007
22 dýr upp í miðju fjalli innan við Bleiksá ofan við kirkju (HWS).

5. mars 2007
Um 100 hreindýr í vegkantinum ofan við veg mitt á milli Hólma og álvers. Allt sem sást voru beljur og kálfar (HA).

6. mars 2007
Dýrin hundrað líklega komin út í Hólmanes. 25 dýr um 2 km innan við Eskifjarðarsel líklega mikið tarfar (PL).

15. mars 2007
Um 60 dýr á túninu í Áreyjum - samkv. Ríkharði Einarssyni (JGG).

Mars 2007
Um 20 dýr fóru inn ofan við Neskaupstað (Þórður Júlíusson).

28. mars 2007
Um 76 hreindýr á áreyjum utan við Áreyjarbæinn í Reyðarfirði (SGÞ).

31. mars 2007
Hreindýr eru búin að vera í landi Stuðla og Áreyja í mest allan vetur, 77 dýr. Í dag voru þau á Stuðlatúninu kl 18:30. Þessi dýr sem myndirnar eru af eru búin að vera á Fagradal og Sléttadal í vetur og fóru út í Hólma en snéru þaðan fljótlega til baka inn með Kollaleyruhálsi og inn á Sléttadal. Ásamt dýrunum 77 í Áreyjum en eru nú orðnar tvær hjarðir sem eru nálægt 140-150 dýr (RER).

3. apríl 2007
"Lengi vel voru bara 12 tarfar sem héldu sig meira í Áreyjum en Stuðlum en síðan komu dýr ca.50-60 sem tóku sig út úr stóru hjörðinni og hafa verið undanfarinn ca1 og 1/2 mánuð, en tarfarnir 12 komu fljótlega eftir fengitíma niður undir Hrútár og Hjálpleysu síðan niður á flatirnar austan við Áreyjar og heim á tún hjá Áreyjabóndanum.Við Svavar vinnum báðir á Vegagerðinni svo ég hef haft spurnir af þessum dýrum eftir honum, þegar ég hef ekki séð þau sjálfur. Mín skoðun er, að dýrin sem bæst hafa í hjörðina hafi komið austan að, um Svína-, Tungu-, Slenjudal eða Gagnheiði en ég get ekki giskað á það af viti vegna þess að ég hef bara farið um á bíl.
Ég átti leið um Dalinn kl 14°° í dag en gat ekki talið dýrin sem voru utan við "skíðaskála" en þau eru bísna mörg, gæti trúað 80-90....Ég sá bara 10 dýr á Áreyjatúninu og 3 sem kominn voru upp á Hjálpleysu og kannski eru þar fleiri dýr, og sáust þau frá útsýnisplaninu á Hryggseli." (RER).

10. apríl 2007
Um 50 hreindýr Reyðarfjarðarmeginn á Fagradal og á sunnudag (8. apríl) voru 120 (talið) stutt norðan sæluhúss við Launá (JGS).
"Ég rakst á þessa hjörð á Fagradal, gegnt sæluhúsinu klukkan fjögur. Þegar ég kom til baka klukkan sjö sá ég dýrin hvergi" (GGE tölvup. og myndir). Talið af myndum reyndust dýrin vera um 50.

15. apríl 2007
11 fullorðnir tarfar á túninu framan við Áreyjar (SGÞ). 80 dýra hópurinn sem var þarna fyrr í vetur lenti eitthvað inn á Skógdal og er ekki vitað til að þau hafi gengið þar áður (SGM).
Um 150 dýr við Karlsskála (Einar Þórarinsson) og um 20 tarfar í Seldal (Víglundur Gunnarsson).

17. apríl 2007
Einar Þórarinsson sendi mynd af hópnum við Karlsskála og voru þar um 70 hreindýr.

18. apríl 2007
Farið út að Karlsskála. Einn tarfur norðan við bæ og hljóp hann upp fjallið. Ummerki eftir hópinn víða en engin önnur dýr sjáanleg. Hjólför eftir hjól sem hugsanlega hafa fælt hópinn í burtu (SGÞ).

6. maí 2007
5 ungir tarfar og vetrungar Reyðarfjarðarmeginn á dalnum svo og a.m.k. 10 utan við Áreyjar (SGÞ).

24. maí 2007
30 tarfar á Oddsdalnum nálægt gamla skíðaskálanum (Kristín Ágústsdóttir).

Hreindýraskráning maí 2007 HWS

| sv | Dags. | Svæði | Tarfar | Kýr | Kálfar | ógr./juv | Annað |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 12.5.2007 | Stekkur í Eskifirði | | | | 8 | Eskfirðingur |
| 5 | 18.5.2007 | Fagridalur | 4 | | | | |
| 5 | 20.5.2007 | Áreyjar,Reyðarfirði | 31 | | | | |

4.6.2007
Í dag sá ég ca. 10 dýra hóp rétt neðan við fyrstu alvöru kröppu beygjuna eftir að komið er út úr Oddskarðsgöngunum Norðfjarðarmegin (GGE).

9. júlí 2007
Stór hópur innarlega í Hólmatindi inn og upp af Eskifjarðardal (SGM) og 12 tarfar utan í Hólmatindi (RER).

**Hreindýraskráningar í apríl og júní 2007**

| sv | Dags. | Svæði | Tarfar | Kýr | Kálfar | ógr./juv | Alls | Ath. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 5.4.2007 | Fagridalur | 36 | 56 | 47 | | 139 | HWS |
| 5 | 7.4.2007 | Fagridalur | 36 | 56 | 47 | | 139 | HWS |
| 5 | 18.4.2007 | Fagridalur | | 14 | | 11 | 25 | RÞ,HWS |
| 5 | 18.4.2007 | Fagridalur | | 41 | | 50 | 91 | RÞ,HWS |
| 5 | 18.4.2007 | Grænafell,Reyðarfjörður | 9 | | | | 9 | RÞ,HWS |
| 5 | 29.4.2007 | Áreyjar,Reyðarfjörður | 22 | | | | 22 | HWS |

11. júlí 2007
73 dýr upp af Eskifjarðarseli að sunnan á neðsta hjalla, kýr og kálfar og líklega einn tveggja ára tarfur (Ólafur Gunnar Guðnason). 30 fullorðnir tarfar neðan við Hjálpleysu á Fagradal (SGM).

15. ágúst 2007
Sá tarf með blátt merki í vinstra eyra sunnudaginn 5. júlí. Hann var í 10 tarfa hjörð vestan við Svartafjall í Vöðlavík. Á Viðfjarðarnesi var um 250 dýra blönduð hjörð (SGM).

17. ágúst 2007
29 kýr og kálfar fóru yfir í Sandvík á dögunum og voru ekki inn í 250 dýra hjörðinni á Viðfjarðarnesi. Þá finnst mér vanta tarfa á svæðið. Hljóta þó að vera einhversstaðar t.d. í Sandvík. Reyðafjarðardýrin eru ekki með í þessum tölum en í Hjálpleysunni voru 28 tarfar rétt fyrir veiðitíma. 7 tarfar og ein kýr með kálfi voru svo í Grjótárdal í Hólmatindi á dögunum (SGM).

29. september 2007
Reyðarfjarðarhjörðin utan í Teigagerðistindi upp á Svínadal (SGM).

1. nóvember 2007
Þrír hópar voru í og upp af Sveifinni um 13. september og runnu þeir síðan saman í einn, a.m.k. hátt á annað hundrað dýr (SK).

28. desember 2007
Um 70 dýra hópur austan vegar á móts við skýli á Fagradal og annar um 30 töluvert neðar vestan ár (SGÞ).

---

*Svæði 6.*

Desember-janúar 2007
Fer reglulega um Skriðdalin en hef ekki orðið var við hreindýr undanfarnar vikur (BBj).

13.1.2007
Um 20 dýr í Víðilækjargræfum og 4 fullorðnir tarfar efst í þeim stutt utan við veg.

Janúar 2007
Nokkrir tugir hreindýra innarlega í Breiðdal um hátíðirnar, ekkert sést í ársbyrjun (RÁ).

Mars 2007
Í marsbyrjun voru um 30 dýr á túninu við Þorgrímsstaði í Breiðdal (RÁ eftir Hildi Rúnarsdóttur).

Mars 2007
Í marsbyrjun voru um 120 hreindýr ofan við Berufjörð (AJ).

28. mars 2007
Um 20 hreindýr gengt Höskuldsstaðaseli (Þröstur Eysteinsson).

2. apríl 2007
"Við hjónin höfum séð nokkur hreindýr í landi okkar, Skála í Berufirði að undanförnu. Fyrst sá hún, Sigríður Thoroddsen, 12 dýr þann 24. febrúar s.l.. Saman sáum við svo 17 dýr þann 31. mars og 14 þann 1. apríl. Þessi dýr sem komu um helgina virtust koma að utan og ofan og fóru alla leið inn á tún. Ég er ekki viss um kyn þeirra, en eitt þeirra var nokkru stærra og að hluta dekkra en hin og fór fyrir þeim. Ekki veit ég hvort þetta er að einhverju leyti sami hópur og ég sá í landi Kelduskóga um svipað leyti í fyrra. Það var 12 - 14 dýra hópur sem ég sá þrjár helgar í röð." (Guðjón Smári Skála)

20. apríl 2007
Ég sá tvo hópa: 14 dýr í öðrum (þar af 6 eða 7 kálfa) og 10 dýr í hinum og svo kom síðar eitt stakt nær kollótt dýr (líklega tarfur). Dýrin voru í túninu á Skála í Berufirði þann 18. apríl. 14 dýra hópurinn stökk undan tarfinum inn fjörðinn og 10 dýra hópurinn fylgdi á eftir inneftir (Stefán Guðjónsson Skála).

6. apríl 2007
25 hreindýr á túni við Höskuldsstaðasel (Áslaug Lárusdóttir).

7. maí 2007
15-20 dýr sunnan við Axarveg á Breiðdalsheiði. 15-20 tarfar í Suðurdal á móti Seli (Þorri Magnússon).

19.5.2007
25 hreindýr hrakin af landi Víðilækjar, voru búin að skemma aspir en þó ekki mikið borið á því nú (BBj).

Hreindýraskráning maí 2007 HWS

| | Dags. | Svæði | Tarfar | Kýr | Kálfar | ógr./juv | Annað |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5.5.2007 | Lynghóll,Skriðdalur | 25 | | | | munnl.uppl. |

Miður júní 2007
Fimm ungsnuddar við Breiðdalssá innan við Sel (RÁ).

17.6.2007
Þrír tarfar eftir í Víðilækjarlandi, hafa verið ofarlega í fjallinu enda fjallagrös þar. 20 dýr í Arnhólsstaðalandi í júní. Voru lengi 36 í Múlanum (BBj).

Miður desember 2007
Um 80 dýra hópur innan við Skriðuvatn í Skriðdal (SB). Engin dýr komu út Fossárdal í haust (VG).

27. desember 2007
Gamla kýrin með kálf sinn neðan við Strýtu (SB).

---

*Svæði 7.*

5. janúar 2007
25 dýr á Melrakkanesi í tveimur hópum, bæði kyn. Á annað hundrað við Þvottá, 15 tarfar við Starmýri og 30-40 dýr við Flugustaði í byrjun janúar. Hópur við Bragðavelli og Hafliði segir einhver dýr á Fossárdal og sá nokkur á Öxi um daginn (SB).

13. janúar 2007
30 dreifð í Hamarsfirði (AJ).

14. janúar 2007
23 kýr og kálfar við Hof, 1 kýr rétt utan við Flugustaði, 3 (kollóttir tarfar), 4 kollóttir og einn hyrndur, 16 (þ.a. 2 hyrndir og einn einhyrndur) við Starmýri. Neðan vegar við Fauská 60 dýr; 2 ad tarfar kollóttir, 15 veturgamlir hyrndir, 25 kýr þ.a. ein kollótt og 17 kálfar. 15 ógreind þar rétt hjá. 15 tarfar við Kerhamra í Múladal, 12 tarfar yst í Flugustaðadal og 15 kýr og kálfar stutt innan við Hof.

14.-15. mars 2007
Utarlega í Geithellnadal voru17 dýr (4 hyrndar kýr, 8 fullorðnir tarfar og 5 veturgamlir), í mynni Múladals 33 (19 hyrndar kýr, 13 kálfar og einn hyrndur veturgamall tarfur), 15 tarfar á túni austan vegar norðan við Blábjörg (allir kollóttir nema 2 veturgamlir). Aðrir 15 tarfar (allir kollóttir nema einn veturgamall) utan við Rannveigarstaði í hofsdal. 9 (þ.a. 2 einhyrntir veturgamlir) utan við Flugustaði, 24 við Þvottá stutt frá bæ og 7 neðan bæjar niður undir sjó (SGÞ).

| svæði 7 | H kýr | Kálfar | K kýr | V tarfar | Ad tarfar | samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 15.3.2007 | 4 | | | 5 | 8 | 17 |
| 15.3.2007 | 19 | 13 | | 1 | | 33 |
| 14.3.2007 | | | | 2 | 13 | 15 |
| 14.3.2007 | | | | 1 | 14 | 15 |
| 14.3.2007 | | | | 2 | 7 | 9 |
| 14.3.2007 | | | | | 24 | 24 |
| 15.3.2007 | | | | | 7 | 7 |
| samtals | 23 | 13 | 0 | 11 | 73 | 120 |

9. apríl 2007
Ég var á ferð um Austfirði 25. mars og keyrði þá framhjá 40-50 dýra hreindýrahópi í Þvottárskriðum (Björn Kristinsson tölvup).

21. apríl 2007
18 tarfar á Blábjargartúni (BS og SG).

22. apríl 2007
8 hreintarfar innan við Rauðuskriður í norðanverðum Hamarsfirði (BS og SG).

3. ágúst 2007
Afgömul kýr með kálfi í skógrækt við Bragðavelli (Óli, Blábjörgum). Talin ekki á vetur setjandi (JGG).

14. september 2007
Um 100 dýr við Stórafoss í Geithellnadal (Ytri Bót). Engin dýr á veiðitíma austan við Geithellnaá fyrr en í lok veiðitíma (SB).

Október 2007
Í smalamennsku voru dýr í Hamarsdalsdrögum og 3 hópar utar, upp á hjalla við Jökulgil, 100-150 dýr. Mikið var af hreindýrum í Hofsdal í sumar og sáust um 350 dýr í Ytri Bót í byrjun september. Í Geithellnadal voru 70-100 dýr inn við kofa um miðjan september. Á veiðitíma voru einhver dýr í Flugustaðadal. Síðast liðinn vetur voru um 20 tarfar í Strandarfjöllum við Berufjörð en fóru á veiðitíma norðum um Berufjarðarskarð og sáust ekki meir (AJ).

8. nóvember 2007
19 austan til í Bratthálsi suður af Líkárvötnum þ.a. 7 tarfar og þ.a. 3 stórir. 10 í Bótarbr. Við Lönguhlíðarenda þ.a. 2 fullorðnir tarfar og einn ungur. 8 (1 tarfur, 4 kýr og 3 kálfar) innan við Klapparå á Hamarsdsal (Ytri-Bót) og síðan voru ca 50 sjáanleg út á Afréttarfjalli (SB).

9. október 2007
45 í Mótungum í Hamarsdal, viku áður 37 við Gufugil á Bragðavalladal, og hálfum mánuði fyrr 40 í Jökulfellum á Bragðavalladal (SB).

13. október 2007
60-80 dýr frá Axlarfjalli inn undir Víðidalshæðir í Fossárdal.

17. nóvember 2007
10 tarfar við Kárastekka utan við Geithella, 7 tarfar við gömlu brúnna yfir Geithellnaánna, 77 á Svæluskriðu utan við Kambssel, Múlameginn við Selhóla 35 beljur og kálfar, við Einbúa 14 kýr og kálfar utan við Kambssel, Hvannavellir 2 kýr með kálfa, Ræningjalág voru 3 beljur og 3 vetra tarfur, Múlahólmar 20, blandaður hópur (SB).

9. desember 2007
Illagilshæð, Hamarsfirði 6 tarfar, Þakeyri 8 tarfar, Melrakkanes 62 blandað, Þvottá við Blábjörg 33 tarfar, Mælifellsdalur 5 tarfar, Fauská 42 (þ.a. 4 fullorðnir tarfar), Hleinasandur sunnan við Þvottá 16 tarfar. 10 dýr inn og ofan við Flugustaði þennan dag skv. Flosa (beljur og kálfar). Í Múlahálsi taldi hann rúmlega 20 dýr en þau voru eitthvað fleiri, blandaður hópur. 3 tarfar í Sandbrekku utan við Framnes.

26. desember 2007
Hafliði Sævarsson sá stóran hóp inn í Vesturbótardrögum á annan í jólum (SB).

---

*Svæði 8.*

14.-15. mars 2007

Tvær hyrndar kýr og 2 kálfar á Hvaldal, 46 rétt austan við Laxá í Lóni (29 hyrndar kýr, 2 kollóttar, 8 kálfar, 6 veturgamlir tarfar (þ.a. 3 hyrndir) og eitt ógreint), til viðbótar 10 og 10 á svipuðum slóðum svo og 12 við Þorgeirsstaði. 9 dýr á túni við Þórisdal (6 hyrndar kýr, 2 kálfar og einn veturgamall tarfur), um 40 fyrir neðan Reyðará, 6 fullorðnir kollóttir tarfar austan við Almannaskarð. 17 tarfar kollóttir nema einhyrntur vetrungur á Stórulágartúni stutt innan við Þveit. 63 norðaustur af Gildraskerjum þ.a. 18 kálfar (SGÞ).

| svæði 8 | H kýr | Kálfar | K kýr | V tarfar | Ad tarfar | x | samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 15.3.2007 | 2 | 2 | | | | | 4 |
| 15.3.2007 | 29 | 8 | 2 | 6 | | 1 | 46 |
| 14.3.2007 | | | | | | 10 | 10 |
| 14.3.2007 | | | | | | 10 | 10 |
| 14.3.2007 | | | | | | 12 | 12 |
| 15.3.2007 | 6 | 2 | | 1 | | | 9 |
| 15.3.2007 | | | | | | 40 | 40 |
| 15.3.2007 | | | | | 6 | | 6 |
| 14.3.2007 | | | 16 | 1 | | | 17 |
| 14.3.2007 | | 18 | | | | 45 | 63 |
| samtals | 37 | 30 | 18 | 8 | 6 | 118 | 217 |

26. mars 2007

Um 140 hreindýr vestan við Hraunkot (JGG skv. SE).

Miður maí 2007

Um 40 dýr á túnum við Hvamm í Lóni (JGG).

---

*Svæði 9.*

14. mars 2007

51 dýr suðvestan við Flatey um 1 km neðan vegar (19 hyrndar kýr, 16 kálfar, 2 kollóttar, 8 kollóttir tarfar og 6 ógreind) og 82 á túni stutt norðan Flateyjar (40 hyrndar kýr, 26 kálfar, 3 kollóttar, 4 fullorðnir tarfar, 3 veturgamlir og 6 ógreind) eða samtals 133 hreindýr á Mýrum (SGÞ).

| svæði 9 | H kýr | Kálfar | K kýr | V tarfar | Ad tarfar | x | samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 14.3.2007 | 19 | 16 | 2 | | 8 | 6 | 51 |
| 14.3.2007 | 40 | 26 | 3 | 3 | 4 | 6 | 82 |
| samtals | 59 | 42 | 5 | 3 | 12 | 12 | 133 |

9. apríl 2007

Þann 5. apríl sá ég 12-15 hreindyr á túni, fyrir ofan veg, rétt fyrir austan Hala í Suðursveit og hef ég ekki séð hreindyr eins vestarlega áður (Björn Kristinsson tölvup.).

11. júlí 2007

Kýr á Flateyjaraurum (JGG skv Fjölni á Hala).

30. september 2007

Hópurinn kominn niður á Mýrarnar, um 100, en óeðlilega fáir ungir tarfar í hjörðinni miðað við að um 30 héldu sig á túnum við Borg í sumar (SG).

---

## Heimildamenn:

AJ: Albert Jensson
AJK: Aðalsteinn Jónsson Klausturseli
BB: Bjarni Bergþórsson
BBj: Bragi Björgvinsson
BI: Björn Ingvarsson
BS: Boði Stefánsson
DJ: Dagbjartur Jónsson
EA: Einar Axelsson
EB: Emil Björnsson
EE: Einar Eiríksson
ES: Eiríkur Skjaldarson
GGE: Gunnar Gunnarsson Egilsstöðum
GG: Gunnar Guttormsson
GP: Guðmundur Pétursson
HA: Hákon Aðalsteinsson
HF: Hjörtur Friðriksson
HWS: Halldór W. Stefánsson
II: Ingvi Ingvason
JB: Jónas Bjarki Björnsson
JGG: Jóhann G. Gunnarsson
JGS: Jón Guðmundsson Seyðisfirði
JES: Jón Egill Sveinsson
JÞ: Jóhann Þórhallsson
PL: Páll Leifsson
ÓÖP: Ólafur Örn Pétursson
RÁ: Reimar Ásgeirsson
RE: Ragnar Eiðsson
RER: Ríkharður Einarsson Reyðarfirði
RÞ: Rán Þórarinsdóttir
SA: Sigurður Aðalsteinsson
SB: Skúli Benediktsson
SE: Sigurður Eymundsson
SG: Sigurður Guðjónsson
SGM: Sævar Guðjónsson Mjóeyri
SGÞ: Skarphéðinn G. Þórisson
SH: Stefán Helgason
SI: Sveinn Ingimarsson
SK: Stefán Kristmannsson
SS: Skúli Sveinsson
VG: Valur Guðmundsson
VV: Vilhjálmur Vernharðsson
ÖÞ: Örn Þorleifsson